



skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið





Milljónir af pitsum
*Um fjórar milljónir pappakassa undan pitsum eru notaðar hér á landi árlega. Kassarnir eru endurvinnanlegir.*
fólk 3




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
27. apríl 2012
98. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Fallegust í heimi
*Söngkonan Beyoncé var valin fallegasta kona í heimi af lesendum tímaritsins People.*
popp 28

## Landsdómur sögunnar
*Það er merkilegt réttlæti að dæma mann sekan fyrir brot á fundarsköpum, skrifar Pavel Bartoszek.*
skoðun 15



## Einum sigri frá titlinum
*Grindvíkingar gerðu góða ferð til Þorlákshafnar í gær.*
sport 30

## veðrið í dag





**BJART MEÐ KÖFLUM** víða á landinu í dag og úrkomulítið. Vindur verður hægur og frekar svalt í veðri, 2 til 5 stig norðan til en 5 til 8 stig sunnanlands.
VEÐUR 4

# Geðrænn vandi ein helsta ástæða fjarvista frá vinnu

**Þriðjungur þeirra sem hafa leitað til starfsendurhæfingarsjóðs nefnir geðræn vandamál sem aðalástæðu skertrar starfsgetu og fjarveru frá vinnumarkaði. Launagreiðslur í veikindum skipta tugum milljarða á ári.**

**ATVINNULÍF** Einn af hverjum þremur sem hefur leitað til VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs síðan haustið 2009 gefur upp geðrænan vanda sem ástæðu þess að leitað sé aðstoðar. Alls eru þetta um eitt þúsund manns. Stoðkerfisvandi er önnur meginástæða fjarvista frá vinnumarkaði; geðrænn vandi er nefndur af 34% þeirra sem leita til sjóðsins og stoðkerfisvanda nefna 39%.

Þetta kemur fram í grein Vigdísar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra VIRK, í ársriti stofnunarinnar 2012. Vigdís segir að tölur um skjólstæðinga VIRK séu áþekkar tölum Tryggingastofnunar um ástæður örorku en tekur jafnframt fram að þeir sem nefna geðrænan vanda séu oft þeir sömu sem eiga við stoðkerfisvanda að stríða. „Hjá sumum geta verið marþættar ástæður svo tölfræðin þarf að skoðast með þeim fyrirvara. En þriðjungur þeirra sem leita til ráðgjafa með skerta starfsgetu, og geta ekki unnið þess vegna, glímir við geðrænan vanda.“

Tilkoma VIRK árið 2008 var hluti af kjarasamningum það ár og einn þáttur í svokölluðum stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Sjóðurinn var stofnaður vegna merkja um aukna örorku hér á landi án þess að stjórnvöld hefðu brugðist við því með kerfisbundnum hætti. Ljóst var að samfélagslegur kostnaður er gríðarlegur og mikilvægt að leita leiða til að minnka hann.

**34** milljarðar króna voru greiddir til fólks í veikindafríi árið 2008.

SVAVA JÓNSDÓTTUR HJÁ VIRK

Árið 2008 voru heildarlaun allra launamanna á Íslandi ásamt launatengdum gjöldum 850 milljarðar króna en á sama tíma var hlutfall veikindafjarvista um 4% vinnudaga það ár. Má því ætla að launagreiðslur í veikindum hafi numið ríflega 34 milljörðum króna að viðbættum kostnaði við staðgengla þeirra sem voru veikir; laun, yfirvinna og fleira.

Árangur VIRK er góður en 72% þeirra sem þangað leita fara aftur á vinnumarkað. Um 18% þurfa frá að hverfa og fara á örorku.

- shá





**KRAFTAR Í KÖGGLUM** Úrslitakeppni Skólahreysti fór fram í troðfullri Laugardalshöll í gærkvöldi. Katrín Unnur Ólafsdóttir úr Foldaskóla var búin með 58 armbeygjur þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Lið Holtaskóla í Reykjanesbæ bar sigur úr býtum í keppninni. Lið Heiðarskóla varð í öðru sæti og lið Hagaskóla í því þriðja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjólastólahandbolti hjá HK:

## Geta ekki keppt nema erlendis

**FÓLK** **Alexander Harðarson frístundaleiðbeinandi spilar stöðu hægri skyttu með eina hjólastólahandboltaliði landsins. Í liðinu, sem starfar undir merkjum íþróttafélagsins HK, eru um fimmtán manns og markaði það tímamót þegar HK ákvað að bjóða upp á íþróttir fyrir fatlaða innan félagsins.**



ALEXANDER HARÐARSON

**Þar sem liðið er það eina sem starfrækt er á landinu þurfa Alexander og félagar hans að ferðast út fyrir landsteinana til að geta keppt í íþróttinni. „Það er búið að bjóða okkur á mót í Lundi í Svíþjóð næsta vetur og stefnan er tekin þangað í desember,“ segir Alexander.**

- sm / síða 34

Næsti biskup segir endurvakningu á trausti kirkjunnar munu taka tíma:

## Óhjákvæmilegt að loka kirkjum

**ÞJÓÐKIRKJAN** Agnes M. Sigurðardóttir, verðandi biskup Íslands, segir fjárhagsvanda kirkjunnar orðinn slíkan að erfitt sé að halda öllum kirkjunum gangandi og starfseminni þar innandyra.

„Það þarf að segja upp fólki og það er stórmál sem er byrjað að takast á við,“ segir Agnes. „Þar kemur til dæmis inn lækkun sóknargjaldanna, sem er mun meiri en það sem var lagt upp með.“

Hún segir einhverja samninga þó hafa náðst upp á við í því samhengi. „En það má ekki hætta þar, það verður að nást sátt í þessu máli, því það er auðvitað ekki gott ef mörgum kirkjum verður lokað. En vandamálin eru bara til að takast á við þau,“ segir hún.

Agnes segir brýnt að endurvekja traust almennings á kirkjunni, en slíkt muni taka tíma.

„Þetta er eins og þegar þú verður fyrir áfalli í lífinu eða missir traust á eitthvað eða einhvern, þá tekur tíma að vinna sig upp aftur,“ segir hún. „En þá verður maður líka að taka sjálfan sig í gegn til að leyfa sér að treysta upp á nýtt. Og það tekur tíma.“

Þá segir Agnes að nauðsynlegt sé að vekja athygli á starfi kirkjunnar út á við og auka samstarf við aðrar stofnanir.

- sv / sjá síðu 12












## SPURNING DAGSINS



*Einar, ætla bændur ekki að reyna að mjólka þetta eitthvað meira?*

Nei, bændur vilja auðvitað mjólka kúna, en umfram allt vilja þeir gera vel við kúnna.

Samkvæmt nýrri verðkönnun ASÍ er lítri af nýmjólk eina varan í matarkörfunni sem kostar það sama í öllum verslunum, 115 krónur. Einar Sigurðsson er forstjóri Mjólkursamsölunnar.

Forsetaslagurinn er milli þriggja frambjóðenda, er niðurstaða könnunar:

# Þóra með afgerandi forystu

**SKOÐANAKÖNNUN** Tæplega helmingur aðspurðra svaraði því til í nýrri skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar að hann myndi greiða Þóru Arnórsdóttur atkvæði sitt í komandi forsetakosningum. Þóra hefur 49% fylgi, Ólafur Ragnar Grímsson mælist með 34,8% fylgi og Ari Trausti Guðmundsson 11,5% fylgi. Þrjú prósent aðspurðra hyggjast kjósa Herdísi Þorgeirsdóttur en innan við eitt prósent aðspurðra þá Ástþór Magnússon, Jón Lárusson og Hannes Bjarnason.

Sami hópur fólks var spurður um afstöðu sína til frambjóðendanna 17. apríl, áður en Ari Trausti tilkynnti um framboð sitt. Könnunin bendir til að Ari Trausti sæki fylgi sitt til óákveðinna í fyrri könnun en þriðjungur stuðningsmanna hans ætlaði að kjósa Þóru en 11% Ólaf Ragnar.

Kannað var nú hvað vegur þyngst í ákvörðun svarenda um það hverjum þeir ætla að greiða atkvæði sitt. Þekking og reynsla frambjóðenda vegur þyngst ásamt heiðarleika frambjóðandans.

Þekking og reynsla Ólafs Ragnars vegur þungt í ákvörðun svarenda en það nefnir 61% þeirra sem styðja forsetans. Heiðarleika nefna 18% stuðningsmanna hans.

Þóru er helst talið til tekna framkoma og heiðarleika nefna 45%. Þekking og reynsla Þóru nefna 24% svarenda.

Könnunin var send á 1.961 þátttakanda og alls svöruðu 1.379. Svarhlutfallið var 70%. **- shá**




Stakk mann í hálsinn:

## Hæstiréttur staðfesti 16 ára fangelsisdóm

**DÓMSTÓLAR Sextán ára fangelsisdómur yfir Reduoane Naoui sem varð manni að bana á skemmtistaðnum Monte Carlo í júní 2011 var staðfestur í Hæstarétti í gær.**



REDOUANE NAOUI

**Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem stendur óraskaður, var Naoui einnig dæmdur til að greiða dóttur mannsins sem hann réðist á tæplega 3,1 milljón króna í bætur, auk vaxta.**

**Maðurinn sem Naoui stakk í hálsinn með hnífi lést á spítala tæpum hálfum mánuði eftir árásina.** **- óká**

Hægri grænir kynna stefnu:

## Vilja ríkisdal og 20% flatan skatt

**STJÓRNMÁL** Upptaka ríkisdals og flatur tuttugu prósenta flatur skattur eru meðal stefnumála Hægri grænna, flokks fólksins, sem kynntu forystu sína og stefnu sína í gær.

„Hægri grænir standa fyrir lága skatta, sem minnst ríkisafskipti og friðsöm milliríkjaviðskipti og náttúruvernd númer eitt, tvö og þrjú,“ sagði Guðmundur Franklín Jónsson, formaður flokksins.

Meðal stefnumála er einnig að hætta aðildarviðræðum við ESB og leggja niður tolla og vörugjöld. Fram kom á fundinum að stefnuskrá flokksins er 75 kaflar og rúmlega þúsund blaðsíður. Fram kom að 1.100 manns hafa skráð sig í Hægri græna. **- jmg**




# Undir meira álagi og ósáttari við laun

**Forstöðumenn ríkisstofnana eru undir meira álagi nú en fyrir fimm árum. Flestir taka vinnuna oft með sér heim og meirihluti er oft uppgefinn að loknum vinnudegi. 80 prósent eru óánægð með launin, en 90 prósent ánægð í starfi.**

**STJÓRNSÝSLA** Forstöðumenn ríkisstofnana upplifa meira álag og streitu í starfi nú en fyrir fimm árum. 94 prósent þeirra telja nær alltaf eða oft mikið álag í starfi sínu. Þetta kemur fram í könnun á störfum og starfsskilyrðum forstöðumanna ríkisstofnana, sem gerð var á vegum fjármálaráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands.

„Könnunin var einnig gerð árið 2007 og það er mjög áberandi hvað það hafa orðið miklar breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna á þessum tíma,“ segir Ómar H. Kristmundsson, prófessor í stjórnmálafræði, sem vann að skýrslunni.

Rúmur helmingur forstöðumanna segir gott jafnvægi milli vinnu sinnar og einkalífs. Aðeins 25 prósent forstöðumanna í æðstu stjórnsýslu voru þessarar skoðunar, en hlutfall þeirra var 92 prósent fyrir fimm árum. Þá voru 35 prósent forstöðumanna heilbrigðisstofnana á því að jafnvægi væri á milli vinnu og einkalífs, en 59 prósent voru þeirrar skoðunar fyrir fimm árum.

Þá taka átta af hverjum tíu forstöðumönnum vinnutengd verkefni iðulega með sér heim og sextíu prósent segjast nær alltaf eða oft vera uppgefin að loknum vinnudegi. Þetta hlutfall var 40 prósent fyrir fimm árum.

Um 90 prósent forstöðumannanna eru á heildina litið ánægð í starfi sínu, og tæpur helmingur segist mjög ánægður. Níu af hverjum tíu telja einnig að góður starfsandi sé ríkjandi innan stofnunar sinnar.

Þá segir Ómar að veruleg óánægja sé með kaup og kjör og forstöðumenn séu ekki sáttir við núverandi fyrirkomulag í launamálum. Óánægja þeirra hefur aukist milli kannana, 80 prósent eru óánægð og tíu prósent ánægð. Árið 2007 voru fimm af hverjum tíu óánægðir en þrír af hverjum tíu ánægðir með laun sín. Algengast er að forstöðumenn telji að launin séu ekki í samræmi við ábyrgð, vinnuframlag og álag, en launaóánægjan eykst með aukinni stærð stofnunarinnar. Þrír af hverjum fjórum forstöðumönnum eru óánægðir með fyrirkomulag við ákvörðun launa. 25 prósent telja að ráðuneyti eigi að ákveða launin, 15 prósent að stjórn stofnunarinnar eigi að gera það, 28 prósent telja að semja eigi um laun í kjarasamningum en 32 prósent vilja annað fyrirkomulag.

**thorunn@frettabladid.is**

Stjórnmálasamtökin Dögun:

## Undirskriftalisti gegn frumvarpi

**STJÓRNMÁL** Stjórnmálasamtökin Dögun hófu í gær undirskriftasöfnun gegn kvótafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Samtökin hvetja stjórnvöld til að virða loforð í kvótamálum og hvetja forseta Íslands til þess að synja frumvarpinu annars staðfestingar.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að báðir ríkisstjórnarflokkarnir hafi verið á þeirri skoðun að leggja ætti niður kvótakerfið og taka upp nýtt kerfi. Í nýju frumvarpi sé öllum úrbótum sem lofað var kastað fyrir róða. **- þeb**



**HJÓLAÓÐ ÞJÓÐ** Danir eru ein mesta reiðhjólaþjóð heims. Þar eru reiðhjólaþjófnaðir landlægt vandamál. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bífræfnir þjófar í Danmörku:

## Hjóli rænt með 8 mínútna bili

**DANMÖRK Að meðaltali var tilkynnt um 200 reiðhjólaþjófnaði dag hvern í Danmörku á árunum 2007 til 2010. Það jafngildir því að reiðhjóli sé rænt á áttundu hverri mínútu. Vefur Politiken segir frá þessu.**

**Afar sjaldgæft er að reiðhjólaþjófnaðir upplýsist, en árið 2010 gekk dómur í 277 málum, sem jafngildir innan við hálfu prósenti af tilkynntum þjófnuðum.**

**Hjólaeigendur eru flestir tryggðir fyrir þjófnaði og nema greiðslur tryggingafélaga vegna slíkra mála hálfum sjötta milljarði íslenskra króna.** **- þj**






Átta sérfræðingar furða sig á tillögu um bann við útiræktun erfðabreyttra lífvera:

# Segja engin ný rök komin fram

**UMHVERFISMÁL** Átta manna hópur sérfræðinga frá Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Íslenskri erfðagreiningu hafa sent flutningsmönnum þingsályktunartillögu um bann við útiræktun erfðabreyttra lífvera opið bréf, þar sem spurt er hvaða upplýsingar eða rök liggja að baki því að tillagan um bannið sé endurupptekin á þinginu.

Sambærileg tillaga var flutt á þinginu 2010-2011 og hópurinn bendir á að 37 sérfræðingar í erfðafræði og skyldum greinum hafi í athugasemdum við þá tillögu sýnt fram á að nú þegar séu í gildi ströng lög og reglur um erfðabreyttar lífverur og því sé tillagan óþörf.

Samkvæmt þingsályktunartillögunni skal skipa starfshóp sem vinni að breytingum á lögum og reglugerðum í þeim tilgangi að banna útiræktun á erfðabreyttum plöntum eigi síðar en 1. janúar næstkomandi. Rökin eru að nauðsynlegt sé að leggja slíka ræktun af til að „vernda hreinleika íslenskrar náttúru og með tilliti til siðferðislegrar skyldu núlifandi kynslóðar til að koma í veg fyrir að einkenni hennar glatist“.

Áttmenningarnir spyrja af hverju aðstandendur tillögunnar taki ekki tillit til álits helstu sérfræðinga þjóðarinnar um efnið enda hafi ekkert nýtt komið fram eftir að álit 37 manna hópsins var skrifað. **- shá**



**GRÓÐURHÚS ORF LÍFTÆKNI** Innirækun er óumdeild en hugmyndir um útiræktun, ekki síst hjá ORF Líftækni, hafa valdið deilum. MYND/ORF LÍFTÆKNI




# AÐALL VS. STAÐALL. ÁSTRÍÐAN SIGRAR.

Við bjóðum þér að kynnast að eigin raun hvað BMW hefur umfram aðra bíla. Við frumsýnum nýja BMW 3 línu með dísilvél sem eyðir einungis frá 3,9 lítrum í langkeyrslu og 4,5 lítrum í blönduðum akstri. Nýja dísilvélin er 184 hestöfl og ekki nema 7,6 sekúndur að komast í hundraðið. Nýju BMW dísilvélarnar eru með svo lágt $CO_2$ gildi að bílarnir teljast með þeim vistvænni og fá því frítt í bílastæðin í miðborginni. Nýja BMW 3 línan skartar öllu því nýjasta frá BMW enda hönnuð bæði fyrir ökumenn og umhverfi.

## FRUMSÝNUM BMW 3 LÍNUNA Á MORGUN MILLI KL. 12-16

**BMW EfficientDynamics**

320d | 4,5 l/100 km | 135 kW (184 hö)

ENNEMM / SÍA / NM51818

**BL** Sævarhöfða 2, sími 525 8000

## GENGIÐ 26.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,70 | 126,30 |
| Sterlingspund | 203,42 | 204,40 |
| Evra | 165,95 | 166,87 |
| Dönsk króna | 22,303 | 22,433 |
| Norsk króna | 21,946 | 22,076 |
| Sænsk króna | 18,696 | 18,806 |
| Japanskt jen | 1,5539 | 1,5629 |
| SDR | 194,46 | 195,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

228,2402

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ekkert lát á blóðbaðinu í Sýrlandi þrátt fyrir loforð um vopnahlé:

# Ásakanirnar hafa gengið á víxl

**SÝRLAND, AP** Stjórnvöld og uppreisnarmenn í Sýrlandi saka hvorir aðra um sprengjuárás í borginni Hama á miðvikudag, sem varð að minnsta kosti sextán manns að bana.

Ríkisfjölmiðlar segja að sprengjur frá uppreisnarmönnunum hafi sprungið fyrir slysni, en uppreisnarmennirnir fullyrða að stjórnarherinn haldi árásum sínum á almenna borgara áfram af miklum krafti.

Eftirlitsmenn frá Sameinuðu þjóðunum hafa skoðað aðstæður, en ekki gefið út neina yfirlýsingu um það sem gerðist. Í dag verður skýrt frá því að norski herforinginn Robert Mood verði yfirmaður friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna, sem eiga að fylgjast með því hvort stjórnarherinn haldi vopnahlé, sem átti að hefjast 12. apríl og Bashir al-Assad forseti hefur lofað að hafa í heiðri.

Starfsmaður Sameinuðu þjóðanna segir að hundrað friðargæsluliðar verði sendir til landsins fyrir miðjan maí.

Hörð átök hafa engu að síður haldið áfram í landinu. **- gb**



**EYÐILEGGING** Miklar skemmdir eru í borginni Duma eftir sprengjuárásir. NORDICPHOTOS/AFP

Forráðamenn voru upplýstir:

# Drengir gripnir við háskaakstur

**LÖGREGLUMÁL Lögregla stöðvaði háskaleik tveggja pilta, 17 og 16 ára, í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu á miðvikudagsnótt.**

**„Sá eldri ók fólksbíl hratt og ógætilega en sá yngri var á þaki bílsins meðan á því stóð,“ segir í tilkynningu. „Hafi þetta átt að vera einshvers konar leikur þá er sá leikur lífshættulegur.“**

**Fram kemur að piltunum hafi verið fylgt til síns heima og þar hafi enn fremur verið rætt við forráðamenn þeirra um alvarleika málsins.** **- óká**



**SÝNDARVERULEIKI** Sum flugskeytanna reyndust eftirlíkingar. NORDICPHOTOS/AFP

Blekkingar Norður-Kóreu:

## Flugskeyti sögð gerviflugskeyti

**NORÐUR-KÓREA, AP** Sex flugskeyti, sem sýnd voru með viðhöfn á hersýningu í Norður-Kóreu nýverið, voru ekki alvöru flugskeyti heldur eftirlíkingar. Og þær lélegar.

Þetta fullyrða þýskir sérfræðingar, sem hafa skoðað grannt myndir af flugskeytunum.

Þetta grefur verulega undan stórkarlalegum yfirlýsingum Norður-Kóreumanna um hernaðarmátt ríkisins. Nú síðast á miðvikudaginn fullyrti Ri Yong Ho, aðstoðarmarskálkur í Norður-Kóreu, að her landsins gæti sigrað Bandaríkin „í einu höggi“. **- gb**

## LEIÐRÉTT

Í blaðinu í gær kom fram að danshópurinn Area of Stylez hefði lent í öðru sæti í fyrstu þáttaröðinni af Dans dans dans. Það er ekki rétt þar sem Hanna Rún Óladóttir og Sigurður Þór Sigurðsson höfnuðu í öðru sæti.

Þá var ranghermt á baksíðu blaðsins að hvorki Einar Bárðarson né Róbert Wessman hefðu lent í verðlaunasæti á hjólreiðamóti Cube Prologue á Krísuvíkurvegi á þriðjudagskvöld. Róbert var í öðru sæti í sínum aldursflokki.

# Björgólfur getur eignast allt að fjögur prósent í Watson

**Björgólfur Thor Björgólfsson tapaði að eigin sögn milljarði evra á kaupum sínum á Actavis. Hann reiknar með því að kröfuhafar hans fái höfuðstól krafna að fullu endurgreiddan en þurfi að gefa eftir vaxtatekjur.**

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Thor Björgólfsson mun geta eignast allt að fjögra prósenta hlut í bandaríska samheitafyrirtækinu Watson ef afkoma fyrirtækisins verður viðunandi. Virði þess hlutar er um 250 milljónir evra, um 41,6 milljarðar króna. Gangi þetta eftir munu kröfuhafar Björgólfs, sem eru meðal annars þrotabú íslenskra banka, einnig fá auknar heimtur í bú sín. Enn eru tvö til þrjú ár þar til að skuldauppgjöri Björgólfs við kröfuhafa sína, sem tilkynnt var um sumarið 2010, verður að fullu lokið. Hann segir þá munu fá höfuðstól skuldanna greiddan en að þeir muni þurfa að gefa eftir vaxtatekjur.

Gengið var frá kaupum Watson á Actavis, stærstu eign Björgólfs, á miðvikudag. Kaupverðið var 4,25 milljarðar evra, um 707 milljarðar króna. Þegar Novator, fjárfestingafélag Björgólfs, keypti Actavis sumarið 2007 var kaupverðið 5,3 milljarðar evra, um 882 milljarðar króna. Björgólfur segist því hafa tapað miklu á viðskiptunum. „Það hefur milljarður evra tapast. Það var eigið fé sem ég lagði í viðskiptin. Það hefur allt tapast.“

Í yfirlýsingu Björgólfs vegna skuldauppgjörs hans við lánardrottnana, sem var birt sumarið 2010, sagði að „samkvæmt samkomulaginu munu skuldir verða gerðar upp að fullu og ekki gefnar eftir“. Deutsche bank, sem lánaði stærstan hluta þessa 4,1 milljarðs, um 682 milljarða króna, sem félög Björgólfs tóku að láni til að fjármagna kaupin á Actavis, afskrifaði 407 milljónir evra, um 68 milljarða króna, vegna lánveitingarinnar í fyrra. Til viðbótar mun bankinn afskrifa um 257 milljónir evra, um 43 milljarða króna, vegna hennar á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Samtals nemur bókfært tap bankans því um 111 milljörðum króna.

Spurður um hvernig þær afskriftir rími við yfirlýsingu hans frá 2010 um að kröfuhafar fái allt sitt segir Björgólfur það fara eftir því hvort verið sé að ræða um höfuðstól eða vexti. „Deutsche bank var búinn að reikna sér rosalega mikla vexti á lánið allan þennan tíma. Þeir eru núna búnir að fá höfuðstólinn, og vel það, í reiðufé. En þeir þurfa að gefa vextina eftir.“ Björgólfur gerir einnig ráð fyrir því að Straumur og þrotabú Landsbankans og Glitnis, sem voru líka aðilar að skuldauppgjörinu, fái höfuðstól sinna krafna til baka.

Hluti af samningnum um söluna á hlut Björgólfs í Actavis var að Novator gæti eignast hlut í fyrirtækinu að nýju ef afkoma þess í framtíðinni yrði viðunandi. Björgólfur segir hlutinn geta orðið allt að fjögur prósent af heildarhlutafé Watson. Gangi þau áform eftir munu íslenskir kröfuhafar hans einnig fá meira greitt. „Íslensku bankarnir fengu fullt af reiðufé við söluna á Actavis og munu fá meira þegar og ef ég sel hlutinn í Watson, eða endurfjármagna hann. Ég mun líklega halda hlutnum til framtíðar og þá mun ég einfaldlega borga kröfuhöfunum það sem þeir eiga að fá.“

**thordur@frettabladid.is**



**UNDIRRITAÐ** Fabrizio Campelli, yfirmaður fjárfestinga Deutsche bank, Paul Bisaro, forstjóri Watson, og Björgólfur Thor Björgólfsson undirrituðu samninga um kaup Watson á Actavis á miðvikudag. Kaupverðið er um 707 milljarðar króna.

## „Tapaði eiginlega öllu sem ég átti“

Fyrir bankahrun var Björgólfur meðal annars stærsti eigandi Actavis og kjölfestufjárfestir í bæði Landsbanka Íslands og Straumi. Hann segir meirihluta eigna sinna frá þeim tíma tapaðan. „Ég tapaði eiginlega öllu sem ég átti. En ég átti gríðarlega mikið til að byrja með og meirihlutinn af því er farinn. Ég er hins vegar að borga upp skuldir og byrja bara upp á nýtt. Ég hef búið til fullt af peningum í fortíðinni og geri það bara aftur.“

Í dag á Björgólfur hinn vænta hlut í sameinuðu Watson/Actavis, hlut í pólska símafyrirtækinu Play og hluti í íslensku félögunum Nova, Verne Holding og CCP. Samkvæmt skuldauppgjörinu frá því 2010 mun „arðurinn af þessum eignarhlutum og verðmæti, komi til sölu þeirra […] ganga til uppgjörs skuldanna“. Hann segist hafa trú á þeim eignum sem hann heldur enn á. „Ég er með góð spil á hendi og tel mig vera með góð tækifæri til að spila úr þeim.“






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**VERTU TIL** er vorið kallar á þig segir í þekktu ljóði. Veðrið næstu daga býður upp á útiveru til skiptis við inniverk og því þarf að grípa tækifærin þegar þau gefast. Í dag viðrar til útiveru í frekar björtu og stilltu veðri en síður á morgun þegar skil ganga yfir landið með rigningu.




**Á MORGUN** Strekkingur vestan til, annars víða hægari.

**SUNNUDAGUR** Fremur hægur vindur um mestallt land.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 13° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 16° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 11° |
| París | 14° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Ítalskir dagar

*I maghi d´Italia*



**TILBOÐ 25%** afsláttur við kassa

**KJÚKLINGUR HEILL**
**749** kr/kg.
Verð áður 998.-

## KJÚKLINGUR DIAVOLA
*fyrir 2*

- 1 stk. kjúklingur
- 2 msk. svört piparkorn
- 1 tsk. rautt ferskt chili, saxað smátt
- 1 stk. þurrkað chili, mulið
- 2 greinar rósmarín, saxað
- 2 stk. hvítlauksgeirar
- 1 msk. maldon salt
- 2 msk. ólífuolía
- 6 stk. tómatar, saxaðir
- 1 dl hvítvín

Best er að velja litla kjúklinga og skera þá í tvennt, 1/2 á mann. Hitið ofninn í 190°C. Setjið piparkorn, þurrkað chili og salt í mortél ásamt hvítlauk og maukið vel saman. Bætið fersku chili, rósmaríni og smá ólífuolíu út í og maukið. Nuddið kryddblöndunni vel á kjúklingana. Hitið pönnu og steikið kjúklingana fallega á báðum hliðum. Setjið kjúklingana í eldfast mót, dreifið tómötum yfir og hellið hvítvíni út á. Eldið í 45-50 mín. og berið strax fram.

UPPSKRIFT



**Ricette d´Autore**
Ferskt ítalskt pasta með sælkera fylllingu, 5 teg.



**Ricette d´Autore antipasti**
Ólífur, balsamik laukur og grilluð paprika



**Gelato di Maranello**
tíramisú, súkkulaði og kirsuberja ís



*Tilboð* **599** kr/pk.
Verð áður 799.-

**Jarðarber**
500g

**RISTORANTE PIZZUR**
margar girnilegar tegundir



**TILBOÐ 459** kr/stk
Verð áður 549,-



NUOVO
**79** kr/stk.

**Ciabatta stykki**
– nýbakað



**Knorr Spaghetteria**
– 3 tegundir



NUOVO

**Sacla sósur**
– Bolognese & Carbonara



**Rana pasta**
– margar tegundir



NUOVO

**Lavazza Tierra kaffi**
– baunir og malað



**Pizzasneiðar & pizzasnúður**
– nýbakað



**Ítalía olíur**
– hvítlauksolía, ólífuolía



**Parmesan ostur**
– ómissandi í matargerðina

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**FRÉTTASKÝRING:** Skýrsla utanríkisráðherra um alþjóða- og utanríkismál

## Herleysi Íslands áréttað

Samningaviðræður um 31. kaflann, utanríkis-, öryggis- og varnarmál, tóku aðeins einn dag. Þær fóru fram á ríkjaráðstefnu Íslands og ESB 30. mars, sem er nokkuð táknræn dagsetning í þessum málaflokki, þar sem Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið á þeim degi árið 1949. Skammur samningstími er, í skýrslunni, sagður til marks um hve mikla samleið Ísland eigi nú með aðildarríkjum ESB í þessum efnum, ekki síst í gegnum aðildina að Atlantshafsbandalaginu.

Í skýrslunni kemur einnig fram að áhrif aðgangs að fríverslunarneti ESB við aðild, í stað núverandi fríverslunarsamninga, hafi verið greind. Almennt verði ekki mikil breyting á markaðsaðgangi til þriðju ríkja, komi til aðildar. Í kaflanum kemur einnig fram að framlag Íslendinga til þróunarsamvinnu mundi hækka við aðild og þá hafi verið rætt um skuldbindingar Íslands hvað varðar aðild að Evrópska þróunarsjóðnum ef til aðildar kemur.






# Samningaviðræður eru nær hálfnaðar

**Viðræður um 15 af 33 köflum í samningum við Evrópusambandið eru hafnar. Þar af er 10 lokið. Samningsafstaða hefur verið samþykkt í 5 köflum í viðbót við það. Stefnt er að því að samningsafstaða í sjávarútvegsmálum verði tilbúin fyrir sumarfrí. Utanríkisráðherra kynnti skýrslu sína í gær.**



**ÞUNGT MÁL** Utanríkismál Íslendinga hverfast um Evrópusambandsumsókn, ef marka má umræður á þingi í gær. Miklar deilur voru um skýrslu Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra og kröfðust margir þingmenn þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort draga ætti umsóknina til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra kynnti skýrslu sína um utanríkis- og alþjóðamál í gær. Eins og við var að búast var hún efnismikil og fjöldi þingmanna tjáði sig um efni hennar. Raunar varð nokkur bið á því að umræður gætu hafist, þar sem nokkrar umræður urðu um fundarstjórn forseta.

Jón Bjarnason hóf þá umræðu og spurði hverju sætti að ekki hefði enn farið fram utandagskrárumræða um stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið (ESB) sem hann óskaði eftir 21. febrúar. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, sagði að því miður hefði ekki gefist rúm til umræðunnar. Nú gæfist hins vegar færi á að ræða þennan þátt.

Þetta þótti Jóni og fleiri þingmönnum óeðlilegt, nóg væri annað í skýrslunni að ræða og Evrópumálin væru það víðfeðm að þau verðskulduðu sérumræðu. Fór enda svo að nánast öll umræðan snerist um aðildarviðræðurnar.

### Markmið í 20 köflum

Málefnum í viðræðunum er skipt upp í 33 kafla. Í skýrslu Össurar kemur fram að viðræður eru hafnar í 15 af þeim og þar af lokið í tíu. Þar að auki hafa samningsmarkmið Íslands verið samþykkt í 5 köflum og kynnt ESB, en þeir bíða umfjöllunar ríkjaráðstefnu. Samningsmarkmið Íslendinga eru því samþykkt í 20 af 33 köflum.

Össur sagði þetta sýna að viðræðuferlið gengi vel. Margir stjórnarþingmenn tóku undir það mat ráðherrans.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, gaf hins vegar ekki mikið fyrir það að tekist hefði að ljúka viðræðum í jafn mörgum köflum og raun ber vitni. Kjötmestu kaflarnir væru allir eftir.

„Það hefur ekkert gerst annað í þrjú ár annað en að við höfum lokað köflum sem ekkert þurfti að semja um,“ sagði Bjarni. Sumir þeirra hefðu varla verið fundarins virði, þar sem samhljómur íslenskrar stjórnsýslu og þeirrar evrópsku væri þegar svo mikill.

### Sjávarútvegur í sumar

Össur sagði frá því að ítrekað hefði verið lögð á það áhersla af Íslands hálfu að viðræður um sjávarútveg hæfust sem fyrst. ESB hefði hins vegar ekki lokið umfjöllun um rýniskýrslu um kaflann og upphaf viðræðna væri því óljóst.

Í ofanálag stæði yfir endurskoðun ESB á hinni sameiginlegu sjávarútvegsstefnu. „Það veldur töfum og gerir viðræðurnar flóknari, þar sem þær reglur sem semja þarf um liggja ekki fyrir að fullu leyti.“

Össur sagði frumdrög samningsafstöðu Íslands liggja fyrir, en þar væri fjallað um ákveðnar staðreyndir í íslenskum sjávarútvegi. Þar mætti nefna þjóðhagslegt mikilvægi, fiskveiðistjórnunarkerfið og ástand nytjastofna. Þetta hefði verið rætt í samningahópnum og stefnt væri að því að ljúka gerð samningsafstöðunnar fyrir sumarfrí.

### Sérstaða í landbúnaði

Í skýrslu ráðherra er ítrekað að álit meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis liggi til grundvallar samningsmarkmiðum á sviði Alþingis.

„Í samningsafstöðunni verður sérstöðu Íslands og íslensks landbúnaðar haldið á lofti, en hún er umtalsverð og gefur tilefni til að skoða lausnir sem ekki eru til staðar í núverandi löggjöf Evrópusambandsins, eða að þróa nýjar aðferðir á grunni þess sem fyrir er.“

Stefna utanríkisráðuneytisins er að hægt sé að leggja fram samningsafstöðu Íslands fyrir haustið. Til að það takist þarf að leggja fram tímasetta aðgerðaráætlun um það hvernig hrinda á í framkvæmd landbúnaðarstefnu ESB við aðild.

Framkvæmdastjórn ESB birti 12. október tillögur um sameiginlega landbúnaðarstefnu fyrir skipulagstímabilið 2014 til 2020. Taka þarf mið af þeim breytingum í samningaviðræðum, að mati Össurar. Hann telur þó að þær hafi ekki mikil áhrif á grundvallarhagsmuni Íslands í viðræðunum.

### Allt hitt

Af umræðum á Alþingi mátti glöggt sjá að Evrópumálin eru fyrirferðarmest í utanríkismálum Íslendinga. Raunar svo fyrirferðarmikil að fátt annað komst að.

Guðmundur Steingrímsson, þingmaður utan flokka, vakti, ásamt öðrum athygli á þessu. Hann sagði skýrsluna fyrst og fremst sýna að mikið starf væri unnið í utanríkisráðuneytinu. „Það afsannar þá klisju að utanríkisþjónustan geri ekkert nema að sinna Evrópusambandinu.“

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, tókust á um það hvort aðild Íslendinga að hernaðarátökum í Líbíu hefði verið kynnt í ríkisstjórn fyrirfram og þá hve ítarlega.

Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, kallaði eftir umræðum um aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu, sem hann sagði úrelta stofnun.

Þá kallaði Bjarni Benediktsson eftir því að umræður færu fram um fleiri þætti skýrslunnar: þróunarsamvinnu, samstarf við önnur lönd um jarðhita, norðurslóðamál og fleira.

### Fimmtán kaflar ræddir – tíu lokið

| Samningskaflar | Viðræður hafnar | Viðræðum lokið |
|---|---|---|
| 1. Frjálsir vöruflutningar* | | |
| 2. Frjáls för vinnuafls | okt. 2011 | okt. 2011 |
| 3. Staðfesturéttur og þjónustufrelsi | | |
| 4. Frjálsir fjármagnsflutningar | | |
| 5. Opinber innkaup | júní 2011 | |
| 6. Félagaréttur | des. 2011 | des. 2011 |
| 7. Hugverkaréttur | okt. 2011 | okt. 2011 |
| 8. Samkeppnismál | mar. 2012 | |
| 9. Fjármálaþjónusta | | |
| 10. Upplýsingasamf. og fjölmiðlar | júní 2011 | |
| 11. Landbúnaður og dreifbýlisþróun | | |
| 12. Matvælaöryggi og dýra- og plöntuheilbr. | | |
| 13. Sjávarútvegur | | |
| 14. Flutningastarfsemi* | | |
| 15. Orkumál | | mars 2012 |
| 16. Skattamál | | |
| 17. Efnahags- og peningamál | | |
| 18. Hagtölur | * | |
| 19. Félags- og vinnumál* | | |
| 20. Fyrirtækja- og iðnstefna | des. 2011 | des. 2011 |
| 21. Samevrópskt net | des. 2011 | des. 2011 |
| 22. Byggðastefna og samræming uppbyggingarsjóða | | |
| 23. Réttarvarsla og grundvallarréttindi | des. 2011 | des. 2011 |
| 24. Dóms- og innanríkismál | | |
| 25. Vísindi og rannsóknir | júní 2011 | júní 2011 |
| 26. Menntun og menning | júní 2011 | júní 2011 |
| 27. Umhverfismál | | |
| 28. Neytenda- og heilsuvernd | mars 2012 | mars 2012 |
| 29. Tollabandalag | | |
| 30. Utanríkistengsl | | |
| 31. Utanríkis-, öryggis- og varnarmál | mars 2012 | mars 2012 |
| 32. Fjárhagslegt eftirlit* | | |
| 33. Framlagsmál | des. 2011 | |
| | Samtals opið: 15 | Þar af lokið: 10 |

*Samningsafstaða samþykkt og kynnt ESB. Umfjöllun bíður ríkjaráðstefnu*



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



# Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

**Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands verður haldinn föstudaginn 11. maí, kl. 16 í sal Tannlæknafélags Íslands, Síðumúla 35.**

Dagskrá fundarins eru almenn aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Atkvæðaréttur sjóðfélaga telst eftir eign þeirra og réttindum við síðastliðin áramót. Rétthafar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og atkvæðarétt.

Aðalfundargögn má nálgast á vefsíðu sjóðsins, www.li.is/ls/ltfi, og hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans, Austurstræti 11.

Virðingarfyllst,
Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Tilboðin gilda til 29.04.12

Pokagormar | Svampur | Þægindasvæði | Yfirdýna | Miðlungs | 20 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð

SPARIÐ 50.000

ÁFÖST YFIRDÝNA

DÚNDURTILBOÐ!



Royal Queen

120 X 200 SM. FULLT VERÐ: 139.950

**89.950**

140 X 200 SM. FULLT VERÐ: 149.950

**99.950**

**ROYAL QUEEN AMERÍSK DÝNA**
Vönduð og góð, miðlungsstíf dýna með fallegu áklæði. Í efra lagi er áföst 14 sm. þykk yfirdýna. Í neðra lagi eru u.þ.b. 200 LFK pokagormar pr. $m^2$. Tvöfalt gormalag sem eykur endingu og þægindi. Fætur fylgja með.
Stærð: 120 x 200 sm. fullt verð: **139.950** nú **89.950**
Stærð: 140 x 200 sm. fullt verð: **149.950** nú **99.950**

# GÓÐ KAUP



ALLIR DÚNKODDAR 20% AFSLÁTTUR





32%

FULLT VERÐ: 2.495

**1.695**

2 STK. Í PAKKA

**HLÝRA- OG STUTTERMABOLIR**
Góðir bolir á frábæru verði. 2 stk. saman í pakka. Margar stærðir.
Dömuhlýrabolir í hvítu og svörtu fullt verð: **2.995** nú: **1.995**
Herrahlýrabolir í hvítu fullt verð: **2.495** nú: **1.695**
Stuttermabolir í hvítu og svörtu fullt verð: **2.495** nú: **1.695**



20%

SCREEN GARDÍNA

VERÐ FRÁ NÚ:

**4.795**



**HRAÐ-SUÐUKETILL**
Góður hraðsuðuketill.
Tekur 1,7 lítra.

40%

FULLT VERÐ: 2.495

**1.495**

**SCREEN RÚLLUGARDÍNUR**
Góðar screen gardínur sem eru gæddar þeim eiginleikum að þú sérð út en síður inn. Litur: Hvítur. Stærðir:

| | |
|---|---|
| 80 x 170 sm. **5.995** nú **4.795** | 100 x 170 sm. **7.295** nú **5.836** |
| 120 x 170 sm. **8.295** nú **6.636** | 140 x 170 sm. **9.495** nú **7.596** |
| 150 x 170 sm. **10.490** nú **8.392** | 160 x 170 sm. **10.990** nú **8.792** |
| 180 x 170 sm. **11.990** nú **9.592** | 200 x 170 sm. **12.990** nú **10.392** |
| 150 x 250 sm. **13.990** nú **11.192** | 90 x 250 sm. **9.995** nú **7.996** |

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að niðurstaða Landsdóms sé lituð af pólitík?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 53,2% |
| NEI | 46,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Myndir þú vilja kafa í gjánni Silfru?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is. vísir

Fjörutíu þúsund manns komu saman í Ósló til að mótmæla hryðjuverkum:

# Sungu barnalag gegn Breivik

**NOREGUR, AP** Meðan fólk, sem lifði af árásir Anders Behrings Breivik í sumar, skýrði frá skelfilegri reynslu sinni við réttarhöldin í Ósló, komu tugir þúsunda saman í miðborginni og sungu lítið barnalag, sem hryðjuverkamaðurinn hafði reynt að koma óorði á.

„Við erum ekki hérna hans vegna, heldur vegna okkar sjálfra," sagði Eskil Pedersen, leiðtogi ungliðahreyfingar Verkamannaflokksins, í ávarpi sínu til mannfjöldans.

Norðmenn hafa upp til hópa hneykslast mjög á kaldlyndi fjöldamorðingjans. Þeir hafa brugðist við með því sýna afdráttarlausan stuðning við allt það sem hann er á móti. Í staðinn fyrir að tjá reiði sína gagnvart Breivik þá keppast þeir um að lýsa stuðningi við umburðarlyndi og lýðræði.

Breivik sagði við réttarhöldin í síðustu viku að lagið, sem heitir Regnbogabörn, sé dæmigert fyrir tilraunir fjölmenningarsinna til að innræta börnum skoðanir sínar.

Breivik hefur viðurkennt að hafa drepið 77 manns í sprengjuárás í Ósló og skotárás á Úteyju, þar sem ungliðahreyfing Verkamannaflokksins var með tjaldbúðir. - gb



**FJÖLMENNUR ÚTIFUNDUR** Eskil Pedersen, leiðtogi ungliðahreyfingar Verkamannaflokksins, ávarpar mannfjöldann. NORDICPHOTOS/AFP

7,2 prósent eru án vinnu:

# Atvinnulausum konum fjölgar

**ATVINNA Atvinnulausum hefur fækkað um 1.000 frá fyrsta ársfjórðungi 2011. Að meðaltali voru, á fyrsta ársfjórðungi 2012, 12.700 manns án vinnu og í atvinnuleit. Það jafngildir 7,2 prósentum vinnuaflsins. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.**

**Konum án atvinnu hefur hins vegar fjölgað um 800 á þessu tímabili, en 1.800 færri karlar eru atvinnulausir nú. Fjöldi fólks utan vinnumarkaðar var 47.300, sem er aukning um 2,4 prósent frá fyrra ári eða um 1.100 manns. - kóp**

Kona fékk 12 mánaða dóm:

# Stakk mann

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir 26 ára gamalli konu sem var dæmd fyrir að stinga fyrrverandi kærasta sinn í öxlina. Áverkana hlaut maðurinn eftir að hann hafði dregið konuna á hárinu og kýlt hana.

Konan var dæmd í 12 mánaða fangelsi en 9 eru skilorðsbundnir.

## Siðferðisbrestur ekki lagaður með lögum



„Siðferðisbrestur verður ekki lagaður með lagasetningu," sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra á málþingi innanríkisráðuneytisins um hatursáróður.

„Ef til vill trúum við of mikið á lög og reglur. Allar heilbrigðar manneskjur hafa meðfæddan siðferðisáttavita innra með sér sem vísar í rétta átt, burt séð frá lögum, og stundum á móti lögum," sagði hann í setningarávarpi.




**FORDÓMAR** Íslenskir lögreglumenn ættu að bregðast við og stöðva brot á lögum sjái þeir skilti með hatursáróðri í mótmælum hér á landi segir Logi Kjartansson, lögfræðingur hjá Ríkislögreglustjóra. NORDICPHOTOS/AFP

# Of erfitt er að saksækja fyrir hatur á netinu

**Auðvelda á saksókn fyrir hatursáróður á samfélagsmiðlum segir framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu. Dæmi um að lögreglan neiti að taka við kæru. Lagasetning er ekki alltaf lausnin segir ráðherra.**

**MANNRÉTTINDI** Breyta þarf lögum til að auðveldara sé að saksækja fyrir hatursáróður á samfélagsmiðlum og öðrum vefsíðum sem ekki teljast til hefðbundinna fjölmiðla, að mati Margrétar Steinarsdóttur, framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands.

„Fæstir gera sér kannski grein fyrir því en fáein orð á Facebook eða Twitter geta kveikt hugmyndir og sáð fræjum í huga þeirra sem eru veikir fyrir," sagði Margrét í erindi sem hún hélt á opnum fundi innanríkisráðuneytisins um hatursáróður.

Hún nefndi dæmi um ungan sænskan mann sem hafði látið hatursfull ummæli falla á Twitter-samfélagsmiðlinum um afrísk-ættaðan knattspyrnumann. Tíu dögum eftir að ummælin féllu hafði hann verið dæmdur í 56 daga fangelsi.

Margrét sagði nauðsynlegt að breyta ákvæði hegningarlaga um hatursáróður þannig að hægt sé að saksækja þá sem láti frá sér slíkan áróður á grundvelli almannahagsmuna án þess að kæra þurfi að koma til. Hún benti á að í Svíþjóð sé sérstakur saksóknari sem hafi meðal annars slíka glæpi á sínu forræði.

„Ég þekki dæmi um að fólk hafi leitað til lögreglunnar og ætlað að kæra það sem það taldi vera hatursáróður, en verið sagt að það hefði ekki lögvarða hagsmuni og gæti því ekki kært," sagði Margrét.

> Fæstir gera sér kannski grein fyrir því en fáein orð á Facebook eða Twitter geta kveikt hugmyndir og sáð fræjum í huga þeirra sem eru veikir fyrir.
>
> **MARGRÉT STEINARSDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS

Logi Kjartansson, lögfræðingur hjá stjórnsýslusviði Ríkislögreglustjóra, sagði ekki þurfa lagabreytingu til. Hver sem er geti komið ábendingum um meint lögbrot til lögreglu án þess að vera tengdur málinu. Lögreglan hafi hins vegar takmarkaða möguleika til að fylgjast með og treysti því á ábendingar frá borgurunum um meintan hatursáróður á netinu.

Logi sagði þó rétt að rannsókn vissra brota færi aðeins af stað að kröfu einhvers sem teldi brotið á sér. Það eigi til dæmis við um nafnlaus skrif á netinu sem geti talist ærumeiðandi.

Margrét sagði einnig mikilvægt að breyta fjölmiðlalögum, sem sett voru í fyrra, til að hægt sé að saksækja fjölmiðla og fjölmiðlafólk fyrir að breiða út hatursáróður. Í dag er aðeins hægt að saksækja fjölmiðla og fjölmiðlafólk fyrir að hvetja til refsiverðar háttsemi með útbreiðslu slíks áróðurs.

brjann@frettabladid.is




HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

# Inntökupróf í Læknadeild HÍ

## Læknisfræði og sjúkraþjálfun

**Inntökupróf í Læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun verður haldið í Reykjavík miðvikudaginn 13. og fimmtudaginn 14. júní 2012.** Nánari upplýsingar verða sendar próftakendum eftir að skráningu er lokið. Þátttakendur þurfa að skrá sig sérstaklega í inntökuprófið og er skráning opin til og með **20. maí 2012.** Skráning fer fram á netinu, www.laeknadeild.hi.is. Próftökugjald er **15.000 kr.**

Skráning í inntökuprófið getur farið fram þótt nemandi hafi ekki lokið stúdentsprófi en þá skal skila staðfestingu til skrifstofu Læknadeildar um að stúdentsprófi verði lokið áður en inntökupróf hefst. Staðfesting þarf að berast eigi síðar en 20. maí 2012.

Þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi og skilað inn staðfestingu því til sönnunar. Umsóknin telst því ekki gild fyrr en staðfest afrit af stúdentsprófskírteini eða rafrænt stúdentsprófskírteini úr Innu hefur borist skrifstofu Læknadeildar, Vatnsmýrarvegi 16, 101 Reykjavík.

Inntökuprófið er eitt próf sem tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próflotum hvorn daginn, eða 12 klst. alls. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggi fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Árið 2012 fá 48 nemendur í læknisfræði og 25 í sjúkraþjálfun rétt til náms í Læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skráð sig hjá Nemendaskrá fyrir 1. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í Læknadeild, eiga þess kost að skrá sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

**Nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar má finna á heimasíðu Læknadeildar, www.laeknadeild.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

PIPAR\TBWA \ SÍA 121280

TILBOÐIN GILDA 26. - 29. APRÍL

markhonnun.is

netto
Kræsingar & kostakjör



KJÚKLINGAVÆNGIR
TEX MEX

34% AFSLÁTTUR

395
ÁÐUR 598 KR/KG

# FJÖLBREYTT ÚRVAL FYRIR ALLA



GRÍSAKÓTELETTUR
30% AFSLÁTTUR
1.049
ÁÐUR 1.498 KR/KG
BAUTA BÚRIÐ



GRÍSASNITSEL
VERÐ NÚ
1.198
ÁÐUR 1.498 KR/KG
BAUTA BÚRIÐ



GRÍSAKÓTELETTUR
GRILL
VERÐ NÚ
1.348
ÁÐUR 1.498 KR/KG
KJÖTSEL

NÝBAKAÐ TILBOÐ VIKUNNAR



50% AFSLÁTTUR
BIRKIBRAUÐ
BAKAÐ Á STAÐNUM
500 G
VERÐ NÚ
225
ÁÐUR 449 KR/STK




EGILS MIX
2 LÍTRAR
31% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
199
ÁÐUR 289 KR/STK



DR. PEPPER
36 CL
30% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
69
ÁÐUR 99 KR/STK



DISNEY SAFI
SÓLBERJA/APPELSÍNU 3X200 ML
29% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
99
ÁÐUR 139 KR/PK



50% AFSLÁTTUR
EPLI
JONAGOLD
VERÐ NÚ
99
ÁÐUR 198 KR/KG
ÁVÖXTUR VIKUNNAR

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**ÞYRSTUR API** Hann Tong, sjö ára simpansi í Taílandi, fékk sér góðan slurk úr vatnsbunu sem starfsmaður dýragarðs sprautaði til hans. NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjóri SA segir áætlun stjórnvalda ekki ganga upp:

# SA kynnir áætlun um afnám hafta

**EFNAHAGSMÁL** Samtök atvinnulífsins (SA) hafa kynnt áætlun um afnám gjaldeyrishafta sem er að mörgu leyti frábrugðin þeirri áætlun sem stjórnvöld og Seðlabankinn vinna eftir.

„Áætlunin snýst um að afnema gjaldeyrishöftin á tímanum fram til áramóta. Í henni felast aðgerðir sem eiga að leysa vandamálið sem til staðar er áður en höftin yrðu formlega afnumin um áramótin og gjaldeyrisviðskipti gefin frjáls,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.

Vilhjálmur segir áætlun stjórnvalda ekki vera að ganga upp og bætir við að áætlun SA sé ekki bara valkostur við hana heldur mun betri áætlun. „Sem stendur er alltof lítið að gerast annað en að frumvörp séu lögð fram um að herða höftin og refsingar við brotum við þeim. Það skortir ákveðni og trúverðugleika í þá áætlun sem unnið er eftir,“ segir Vilhjálmur.



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

Í áætlun sinni leggur SA til að Alþingi samþykki lög um afnám haftanna sem taki gildi um næstu áramót. Lögin myndu fela í sér heimildir til kaupa innlendra aðila á aflandskrónum, útgáfu ríkisins á evruskuldabréfum í skiptum fyrir ríkistryggð skuldabréf í eigu erlendra aðila, heimildir banka til útgáfu evruskuldabréfa í skiptum fyrir innistæður í bönkum, útgönguskatt og mótvægisaðgerðir fyrir þá hópa sem kynnu að lenda í vanda vegna mögulegs falls krónunnar. **- mþl**

Laun stjórnarmanna hækka:

# ASÍ mótmælir launahækkun

**KJARAMÁL** **Miðstjórn ASÍ mótmælir þeirri ákvörðun ársfundar Framtakssjóðs Íslands að hækka laun stjórnarmanna sjóðsins um 80 prósent, úr 100 þúsund krónum á mánuði í 180 þúsund krónur á mánuði.**

**Hækkunin er úr takt við þann veruleika sem almennt launafólk býr við, segir í ályktun miðstjórnarinnar. Þá fer hækkunin algerlega gegn markmiðum ASÍ um siðferði og samfélagslega ábyrgð í ákvörðunum um lífeyrissjóðina, að mati miðstjórnarinnar.** **- bj**

**SJÁVARÚTVEGUR**

## Strandveiðar að hefjast

Um 250 höfðu sótt um strandveiðileyfi til Fiskistofu um miðjan dag í gær. Strandveiðar hefjast miðvikudaginn 2. maí.

**VEGABRÉFAÚTGÁFA**

## Fleiri vegabréf gefin út

Í mars síðastliðnum voru gefin út 4.024 íslensk vegabréf. Þetta kemur fram á vef Þjóðskrár Íslands. Til samanburðar voru gefin út 3.133 vegabréf í mars í fyrra. Fjölgar því útgefnum vegabréfum um rúm 28 prósent milli ára.

## Valdatími Charles Taylor – atburðarásin



**CHARLES TAYLOR**

**1989** Charles Taylor og liðsmenn hans gera uppreisn gegn Líberíustjórn. Í kjölfarið hófst sjö ára borgarastyrjöld sem kostaði meira en 200 þúsund manns lífið.

**1997** Taylor kosinn forseti í Líberíu, að því er virðist af ótta almennings við að borgarastríðið myndi hefjast að nýju ef hann ynni ekki sigur.

**1999** Uppreisn gegn Taylor hefst í Líberíu. Borgarastyrjöld hefst að nýju og stendur til 2003 með friðarsamningum. Átökin kosta um 150 þúsund manns lífið.

**2003** Alþjóðlegur dómstóll um stríðsglæpi í Síerra Leóne gefur út ákærur á hendur Taylor þar sem hann er sakaður um stríðsglæpi í tengslum við borgarastyrjöldina, sem stóð í rúman áratug, 1991-2002, og kostaði meira en 50 þúsund manns lífið. Taylor flýr í útlegð til Nígeríu.

**2006** Taylor handtekinn í Líberíu og fluttur til Haag, þar sem réttarhöld yfir honum hefjast árið eftir.



**SAKFELLDUR Í HAAG** Íbúar í Síerra Leóne fylgdust með beinni útsendingu frá réttarhöldunum. NORDICPHOTOS/AFP

# Taylor sakfelldur fyrir stríðsglæpi

**Fyrrverandi forseti Líberíu hefur verið sakfelldur fyrir stríðsglæpi. Hann studdi uppreisnarmenn í Síerra Leóne. Þjóðhöfðingi hefur aldrei verið sakfelldur fyrir stríðsglæpi af alþjóðlegum dómstól.**

**SÍERRA LEÓNE, AP** Mikill fögnuður braust út meðal íbúa í Freetown í Síerra Leóne þegar Charles Taylor, fyrrverandi forseti landsins, var sakfelldur fyrir stríðsglæpi í gær.

Þúsundir manna, sem lifðu af blóðuga borgarastyrjöld í landinu, fylgdust með beinni útsendingu þegar Richard Lussick, aðaldómari alþjóðlega stríðsglæpadómstólsins fyrir Síerra Leóne, las upp dómsúrskurðinn.

Taylor var sakfelldur fyrir að hafa veitt uppreisnarsveitum í borgarastríðinu í Síerra Leone stuðning og aðstoð við stríðsglæpi sína og í sumum tilvikum beinlínis tekið þátt í að skipuleggja glæpaverkin.

Uppreisnarmennirnir sýndu mikla grimmd, stunduðu morð, limlestingar og nauðganir, þvinguðu börn til að taka þátt í grimmdarverkunum og hnepptu fólk í þrældóm. Mikið af þessum glæpum fellur undir glæpi gegn mannkyni.

Fyrir stuðning sinn fékk Taylor ógrynnin öll af demöntum frá uppreisnarmönnunum í Síerra Leóne: Blóðdemanta, sem svo hafa verið nefndir vegna þess að langvarandi átök í Líberíu, Síerra Leóne og víðar í nágrannaríkjunum hafa ekki síst snúist um aðgang að þeim.

Þetta er í fyrsta sinn í sögunni sem þjóðhöfðingi er sakfelldur fyrir stríðsglæpi af alþjóðlegum dómstól.

„Sakfelling Taylors sendir kraftmikil skilaboð um að jafnvel fólk í æðstu embættum getur verið dregið til ábyrgðar vegna alvarlegra glæpa,“ segir Elise Koppler hjá mannréttindasamtökunum Human Rights Watch. „Þetta er sigur fyrir fórnarlömbin í Síerra Leóne og alla þá sem leita réttlætis þegar verstu misþyrmingar eru framdar.“

„Ég er feginn því að sannleikurinn sé kominn í ljós,“ segir Jusu Jarka, sem missti báða handleggi í átökunum í Síerra Leóne árið 1999 og var einn þeirra sem fylgdist með útsendingunni í gær.

Áður en Taylor varð forseti Líberíu var hann alræmdur fyrir grimmdarverk sem uppreisnarsveitir hans frömdu í borgarastyrjöldinni þar í landi.

Alþjóðlegi stríðsglæpadómstóllinn fyrir Síerra Leóne var stofnaður í Síerra Leóne árið 2000. Að honum standa bæði Sameinuðu þjóðirnar og stjórnvöld í Síerra Leóne. Ákveðið var að réttarhöldin yfir Taylor færu fram í Hollandi af ótta við að óeirðir brytust út ef þau yrðu haldin annaðhvort í Síerra Leóne eða í Líberíu.

guðsteinn@frettabladid.is





Betri lausnir í 20 ár
1992-2012
LAGERSALA
Köllunarklettsvegi 2 - Síðustu dagar!
Lýkur á morgun!
Audio Technica heyrnartól
Með 40% afslætti
Sony HD upptökuvél
Áður 99.990 kr.
Nú 69.990 kr.
Sony Tablet S spjaldtölva
Áður 99.990 kr.
Nú 69.990 kr.
Sony 40" LED sjónvarp
Áður 199.990 kr.
Nú 159.990 kr.
Lenovo Edge 91z sambyggð tölva og skjár
Áður 174.900 kr.
Nú 154.900 kr.
Canon IXUS 1000 HS myndavél
Áður 69.900 kr.
Nú 34.900 kr.
BOSE sýningareintök
Með 35% afslætti
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR Á HÁGÆÐA VÖRUM
Lagersala Nýherja stendur til 28. apríl, að Köllunarklettsvegi 2. Allt að 70% afsláttur á nýjum og notuðum búnaði frá Canon, Sony, Bose, Lenovo og fleiri heimsþekktum framleiðendum. Einnig er hægt að festa kaup á notuðum húsgögnum, sýnishornum og B-vöru á hagstæðu verði. Athugið að takmarkað magn er í boði.
Opið í dag kl. 12–18 og á morgun kl. 11–16
NÝHERJI

föstudagur **Föstudagsviðtalið**

Agnes M. Sigurðardóttir er nýkjörin biskup Íslands

# Gaman að vera kirkjunnar þjónn

Kona hefur verið kjörin leiðtogi þjóðkirkjunnar í fyrsta sinn. Prófasturinn og verðandi biskupinn frá Vestfjörðum, **Agnes M. Sigurðardóttir**, sagði *Sunnu Valgerðardóttur* frá flutningum úr bæ í borg, fjárhag kirkjunnar og vandamálunum sem eru til að takast á við þau.

Þjóðkirkjan fær nýjan biskup í sumar. Sú sem tekur við embættinu eftir þrettán ára setu Karls Sigurbjörnssonar, er prófasturinn Agnes M. Sigurðardóttir. Netheimar loguðu eftir að niðurstöður kosningarinnar voru ljósar á miðvikudag og voru ófáir sem töldu upp þær mikilvægu stjórnunarstöður landsins sem væru smátt og smátt að fyllast af konum. Agnes er fyrsta konan sem verður biskup hér á landi.

Hún segist því finna til sérstakrar ábyrgðar að takast á við jafnréttismál innan kirkjunnar.

„Innan kirkjunnar er gild jafnréttisstefna, við þurfum bara að fara eftir henni. Ég mun beita mér fyrir því. Þegar við ætlum að breyta einhverju má ekki gleyma því sem kirkjan er búin að samþykkja sjálf. Kirkjuþing er búið að samþykkja stefnu í hinum og þessum málum og henni verður að fylgja fast eftir,“ segir hún.

## Allt spennandi sem pabbi gerði

Agnes er alin upp innan kirkjunnar. Móðir hennar var ljósmóðir og faðir hennar prestur á Ísafirði. Hún vissi snemma að hún ætlaði að verða prestur eins og hann. „Mér fannst allt sem hann var að gera svo ofboðslega spennandi,“ segir hún. „En svo hef ég líka alltaf haft gríðarlega mikinn áhuga á fólki og lífi fólks. Mér finnst svo gaman að vita hvernig það tekst á við líf sitt, hvernig lífi það lifir og hvernig það tengist öðru fólki.“

Agnes hefur mikla og ólíka reynslu af störfum innan kirkjunnar. Hún hefur unnið sem sérþjónustuprestur, sóknarprestur, sveitaprestur, prestur í sjávarplássi, sem og í Reykjavík á árum áður. „Svo fékk ég auðvitað mikla reynslu sem barn. Ég er alin upp í kirkjunni og hef lifað og hrærst í henni síðan ég man eftir mér,“ segir hún.

Agnes hefur búið á Bolungarvík síðustu 18 ár og í 40 ár á Vestfjörðum. Hún segir því fylgja blendnar tilfinningar að flytja í burtu.

„Þetta hefur verið mjög góður tími,“ segir hún. „Fólkið fyrir vestan er auðvitað gull af manni og það verður mikill söknuður að vera ekki í jafn miklu sambandi við það fólk. En ég vonast auðvitað til að ég haldi nú sambandi samt sem áður, og ég verð auðvitað biskupinn þeirra eins og allra annarra. Svo ég á erindi áfram vestur.“

Agnes á þrjú uppkomin börn. Tvö búa í Reykjavík, þar sem einnig búa móðir hennar og systir, sem og margir af hennar gömlu vinum og kunningjum. Hún segir tilfinninguna að búa ein í biskupsbústaðnum á Bergstaðastræti góða. „Ég hef búið ein í Bolungarvík síðan 2004, svo það verður ekkert nýtt. En hér á ég á marga góða að.“

## Róleg yfir prestabanni

Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa tekið fyrir samskipti leik- og grunnskóla við trúarsöfnuði á öðrum forsendum en vegna fræðslu sem tengist námskrá. Hvað finnst Agnesi um að flytjast til borgarinnar og vera æðsti embættismaður stofnunar sem má ekki koma þar inn á öðrum forsendum en fræðilegum?

„Mér líður bara ágætlega með það. Ég held að þetta sé allt vel meint og ég þarf bara að fá að heyra í fólki til að sjá þessi sjónarmið. Ég hef persónulega ekki orðið vör við þessi vandamál, maður gengur bara inn og út úr skóla í Bolungarvík eins og maður vill,“ segir hún. „Mér finnst þetta mál hafa verið rætt eins og einhverjir séu óttaslegnir. Og ég hef kosið að lifa ekki í ótta og láta ekki stjórnast af honum. Ég get orðið hrædd og óttaslegin, en ég læt það ekki stjórna lífi mínu. Þess vegna vil ég ekki að ótti stjórni, hvorki kirkjunni né öðrum stofnunum þjóðfélagsins. Og alls ekki að kirkjan noti ótta til að stjórna, heldur þvert á móti.“

## Verður að vera traustsins verð

Úrsögnum úr þjóðkirkjunni hefur fjölgað gríðarlega á undanförnum árum. Þá koma sér í lagi holskeflur úrsagna þegar biskupsmálið svokallaða kemst í hámæli í fjölmiðlum. Traust almennings gagnvart kirkjunni hefur samhliða minnkað jafnt og þétt samkvæmt skoðanakönnunum og segir Agnes nauðsynlegt að endurvekja það traust.

„Við þurfum að leggja meiri áherslu á að koma því á framfæri að kristniboð er ekki bara tal og predikanir, eða boð um það hvernig þú átt að lifa lífi þínu nákvæmlega, heldur þarf að sýna það í verki. Og þegar fólk sér að verkin eru ekki í samræmi við orðin, þá minnkar traustið. Kannski var það einmitt það sem gerðist,“ segir Agnes. „Þetta er eins og þegar maður verður fyrir áfalli í lífinu eða missir traust á eitthvað eða einhvern, þá tekur tíma að vinna sig upp aftur. En þá verður maður líka að taka sjálfan sig í gegn til að leyfa sér að treysta upp á nýtt. Og það tekur tíma.“

Agnes segir hlutverk kirkjunnar nú að sýna að hún sé traustsins verð og því sé mikilvægt að koma á framfæri því starfi sem sinnt er innan vébanda hennar. „Það eru svo margir að leggja sig fram við að gera líf okkar betra og eru tilbúnir til þjónustu ef eitthvað ber út af,“ segir hún. „Svo þurfum við að vanda okkur betur í því sem við gerum, segjum og hvernig við komum fram. Við viljum ekki vera með yfirgang, boð og bönn, heldur samtal. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við hlustum. Af hverju var þetta fólk að segja sig úr kirkjunni? Með hvað var það óánægt?“

Agnes vill leggja áherslu á að málum sem samþykkt eru á kirkjuþingi og á öðrum vettvangi kirkjunnar verði framfylgt. Það sé einn þáttur í því að auka trúverðugleika kirkjunnar sem stofnunar.

## Einhverjum kirkjum lokað

„Auðvitað vitum við að sumt kostar peninga. En annað kostar fyrst og fremst það að maður verður að hafa einhverja hugsun ofarlega í huga. Kirkjan á til dæmis í gríðarlegum fjárhagslegum vanda, eins og aðrar stofnanir og einstaklingar í þjóðfélaginu, en það þýðir ekki að stinga hausnum í sandinn yfir því. Það verður að takast á við þau mál eins og önnur.“

Agnes segir nær óhjákvæmilegt að starfsemi einhverra kirkna leggist af, sökum peningaskorts. „En það er merkilegt það sem við erum að sjá með sumar af þessum gömlu kirkjum í eyðibyggðum. Þær eru í mjög góðu standi því að þangað koma afkomendur þeirra sem þar áttu áður heima, til að gera upp þessi hús og eiga samfélag um kirkjuna sína,“ segir Agnes. „Þannig að kirkjan sameinar fólk og kannski mun það líka verða þannig ef kirkjur í byggð eiga í vanda; að fólk, sem þykir vænt um kirkjuna sína, komi og vilji leggja henni lið. Á það þarf bara að láta reyna.“



**NÝR BISKUP** Agnes M. Sigurðardóttir segist vilja innleiða 12 spora kerfið í allar kirkjur og söfnuði. Hún segir kerfið vera fyrir alla, ekki bara þá sem hafa lent í einhverjum áföllum í lífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Agnes segir fjárhagsvanda kirkjunnar orðinn slíkan að erfitt sé að halda kirkjunum gangandi og starfseminni þar innandyra. „Það þarf að segja upp fólki og það er stórmál sem er byrjað að takast á við,“ segir hún. „Þar kemur til dæmis inn lækkun sóknargjaldanna, sem er mun meiri en það sem var lagt upp með. Því bæði hafa þau verið skert, það er ríkið innheimtir fyrir kirkjuna, og síðan er ekki öllu skilað til baka. Það er verið að vinna í þeim málum og það hafa aðeins náðst samningar upp á við. En það má ekki hætta þar, það verður að nást sátt í þessu máli, því það er auðvitað ekki gott ef mörgum kirkjum verður lokað. En vandamálin eru bara til að takast á við þau.“

Agnes telur kirkjuna hafa þróað verkferla til að taka á kynferðisbrotamálum í rétta átt síðan biskupsmálið kom fyrst upp árið 1996. Hún vonast til þess að fólk hafi lært af mistökunum sem voru gerð í því máli og geti nú horft fram á veginn.

> Maður á að gera ráð fyrir því að allt geti gerst í lífinu, eitthvað sem manni dettur ekki í hug að geti gerst.

## Allt getur gerst

„Kirkjan er búin að reyna að læra af mistökunum og hvernig á að takast á við erfið mál. Hluti af vandamálinu ´96 var að það voru ekki til neinir svona ferlar og menn kunnu ekki að takast á við svona erfitt mál. Sérstaklega þegar um æðsta yfirmann kirkjunnar var að ræða. Hvað gerir maður þegar maður veit ekki hvernig á að takast á við málin í lífinu? Maður reynir að hugsa sjálfur, en maður reynir líka að leita sér hjálpar og ráðgjafar. Og það hefur kirkjan reynt að gera, þó það hafi tekið öll þessi ár,“ segir hún.

Agnes er sammála því að biskupsmálið sé vissulega svartur blettur á sögu kirkjunnar. „En lífið er svo flókið og það er svo margt sem getur komið upp á. Maður á ekki alltaf að gapa af undrun yfir því sem gerist. Maður á að gera ráð fyrir því að allt geti gerst í lífinu, eitthvað sem manni dettur ekki í hug að geti gerst.“

Aðspurð segir hún að um síðustu áramót hafi það verið eins fjarri henni og mögulegt er að hún tæki við embætti biskups Íslands. Margt hafi á daga hennar drifið í gegn um tíðina og hún sé löngu hætt að láta sér bregða. „En það er svo margt sem er svona í lífinu. Og nú er bara að takast á við það.“

## 12 sporin í allar kirkjur

Agnes segist ekki hafa miklar áhyggjur af vaxandi trúleysi Íslendinga. Margar leiðir séu til að finna Guð vilji fólk það, en grunnforsendan sé að fólk sé tilbúið að leita.

„Fyrir vestan hef ég mikið notað 12 spora kerfið sem andlegt ferðalag fyrir alla. Þar hefur maður séð tugi manna finna Guð. Svo er önnur leið að fara í guðsþjónustu og svo framvegis. Það verður hver og einn að finna það út sjálfur,“ segir hún.

Agnes vill innleiða 12 spora kerfið í allar kirkjur og söfnuði. „Lífið er ekki bara vandamál eða tóm gleði. Það er ekki þannig að maður fari í 12 sporin bara vegna þess að maður hafi lent í einhverjum áföllum eða eigi við mikil vandamál að stríða. Þetta er fyrir alla.“

Þá vill hún auka samstarf kirkjunnar við aðrar stofnanir sem eru að vinna með fólki. „Maður sér þetta í minni söfnuðum, þar sem samvinna er svo mikilvæg, vegna þess að það eru allir að vinna að því sama; að reyna að bæta lífið og hafa það skemmtilegt. Og kirkjan er nú sannast sagna bara mjög skemmtileg og það er gaman að vera kirkjunnar þjónn.“




**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 121236

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Of lítil virðing fyrir menntun leiðir til þess að ungmenni hætta námi til að afla tekna:

## Nám er nauðsyn

Brottfall nemenda úr framhaldsskólum er meira hér á landi en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Einhver teikn munu vissulega vera um að þróunin sé heldur í rétta átt en hitt en engu að síður er staðan ekki viðunandi.

Þegar leitað er skýringa á því hvers vegna þessu sé svona farið er ýmist bent á skóla eða heimili. Því hefur verið haldið fram að skólarnir mæti ekki þörfum nemenda og/eða þörfum atvinnulífsins sem skyldi, að námsframboð framhaldsskóla sé of einhæft og að til dæmis starfsnám skorti. Allt eru þetta áreiðanlega þættir sem gera að einhverju leyti að verkum að hluti nemenda telur sig ekki eiga nægilega mikið erindi í framhaldsskóla. Þessar skýringar duga þó ekki einar og sér.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Ummæli Sigríðar Huldar Jónsdóttur, skólameistara Verkmenntaskólans á Akureyri, í viðtali við Akureyri vikublað hafa vakið athygli en hún sagði þar að dæmi væru um að foreldrar eða forráðamenn þvinguðu börn til að hætta námi í framhaldsskólum til að vinna fyrir heimilinu eða þiggja atvinnuleysisbætur og leggja þær til heimilisins. Ástæðulaust er að rengja orð skólameistarans en þau lýsa menningu þar sem ekki er borin virðing fyrir námi, nám sem á að vera unglingi ávísun á meiri lífsgæði er látið víkja fyrir skammtímasjónarmiðum.

Spekin um að bókvitið verði ekki í askana látið og að skóli lífsins sé hinn eini sanni skóli er hér lífseig, svo ekki sé meira sagt. Fyrir fáeinum áratugum var nám eftir skólaskyldu fyrst og fremst á færi hinna efnameiri og jafnvel eftir að kjör almennings voru orðin þannig að það væri í raun á færi flestra að hafa börn sín í fæði og húsnæði gegnum framhaldsskólanám þá þótti ekki manndómsbragur yfir öðru en að unglingar stæðu sjálfir, að minnsta kosti að einhverju leyti, undir kostnaði við að ganga í framhaldsskóla. Tilboð um vel launaða vinnu varð þannig til þess að margir lögðu áform um framhaldsskólanám á hilluna.

Enn er það svo að nám víkur of oft fyrir möguleikum á tekjum. Meðan framboð á atvinnu var hér mikið og þeir sem réðu sig til starfa höfðu góða möguleika á að pressa upp laun voru þeir þannig margir sem sneru baki við námi sem í fljótu bragði virtist ekki auka möguleika á atvinnu og tekjum. Þessi staða er ekki lengur uppi en menningin sem setur námið í annað sæti er enn fyrir hendi.

Menningarvandinn er meiri en þessi. Það er gömul saga (og gömul tugga kannski líka) að hér skorti fjölbreytileika í framhaldsskólana. Það er mikil einföldun að kenna skólunum einum um það. Hér ríkir einfaldlega ekki sú menning fagvitundar sem þekkist í rótgrónum borgar- og iðnaðarsamfélögum. Þannig gera fjöldamargar starfsgreinar enga kröfu um menntun þeirra sem við fagið vinna og því fátt sem kallar á að efnt sé til kostnaðar við að stofna til og halda úti námi í slíkum greinum.

Til lengri tíma litið er fjárfesting í námi góð fjárfesting, bæði fyrir samfélagið og fyrir einstaklingana. Ekki verður dregið úr brottfalli úr framhaldsskólum öðruvísi en með viðhorfsbreytingu í átt til aukinnar virðingar fyrir menntun.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Aðalfundur ÍFR 2012**



Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn **laugardaginn 5. maí 2012 kl. 14.00 í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.**

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórnin

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki sú vitlausasta

Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gaf lítið fyrir þá skoðun Þórs Saari að það væri vitlaus hugmynd að draga umsóknina að ESB til baka, en Unnur hefur lagt fram tillögu þess efnis. „Ég er algjörlega ósammála háttvirtum þingmanni um þetta og tel að það væri hægt að finna margt heimskulegra," sagði Unnur. Hún bætti því við að það að sækja um aðild að ESB með Vinstri græn búin að lýsa því yfir að þau vilji bara kíkja í pakkann væri „að mínu mati ennþá vitlausara en sú tillaga sem ég hef lagt fram hér á þinginu …" Þetta heitir að hafa mikla trú á eigin tillögu.

### Hættir kvenna

Margir lýstu ánægju á þingi í gær með að kona væri orðin biskup. Ein þeirra var Jónína Rós Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingar, sem hvatti karla til dáða. „Þjóðin er orðin leið á stórkarlalegu karpi og vill alvöru rökræður, samvinnu og aðrar leiðir sem eru að hætti kvenna."





### Alvöru rökræður

Um tuttugu mínútum eftir að hún sleppti orðinu fór Ólína Þorvarðardóttir í pontu. Eftir hamingjuóskir til biskups ræddi hún dóm Landsdóms. Undir þeirri ræðu varð Ragnheiði Ríkharðsdóttur svo heitt í hamsi að hún kallaði nokkrum sinnum fram í sem varð til þess að Ólína hækkaði róm sinn, undir klingjandi hljómi forsetabjöllunnar. Þegar Ólína gekk úr pontu sagði hún stundarhátt að Ragnheiður væri „eins og götustelpa í þingsal" en Ragnheiður svaraði á móti: „Margur heldur mig sig". Ætli þetta séu þeir hættir kvenna sem Jónína kallaði eftir?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Blekkingarleikur Steingríms

Sjávarútvegsmál



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Fyrir síðustu alþingiskosningar höfðu Vinstri grænir svör á reiðum höndum við því hvernig ætti að nýta fiskimiðin við landið svo réttlátt væri. Núna þremur árum seinna hefur svörunum verið snúið á hvolf og látið eins og kosningastefnan hafi aldrei verið til. Flokkurinn taldi vorið 2009 nauðsynlegt að breyta úthlutun kvótans í framhaldi af áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Það yrði að innkalla kvótann og endurúthluta honum eftir nýju kerfi þar sem „jafnræðis verði gætt við úthlutun afnotaréttar og aðgengi að hinni sameiginlegu auðlind" eins og segir í tillögu flokksins að nýju ákvæði í 1. grein laga um stjórn fiskveiða. Þetta er rakið í ítarlegri stefnu flokksins Hafið bláa hafið.

Nú er flokkurinn í ríkisstjórn og fer þar með sjávarútvegsráðuneytið. Formaður flokksins Steingrímur J. Sigfússon, er ráðherra málaflokksins. Hann hefur allt í hendi sér til að framfylgja stefnunni, enda hefur samstarfsflokkurinn lýst sig sammála henni. Liðlega 70% kjósenda eru sammála áformum um innköllun veiðiheimilda og endurúthlutun þeirra á jafnræðisgrundvelli og gegn markaðsverði. Það hefur enginn flokkur um áratugaskeið haft eins óumdeilt umboð þjóðarinnar til þess að framfylgja stefnu sinni í jafnveigamiklu máli. Það hefur enginn flokksformaður haft annað eins tækifæri til þess að vinna verkið sem hann bað um að fá að vinna. Það hefur aldrei verið eins skýrt hvernig kjósendur vildu að leyst yrði úr langvarandi deilumáli.

Þá bregður svo við að Steingrímur snýr við blaðinu. Nú skulu 95% af kvótanum verða áfram til a.m.k. næstu 20 ára hjá þeim sem hafa haft hann hingað til. Jafnræðið er gleymt, en einokunin og misréttið eiga að vera áfram. Það sorglega er að enginn stöðvaði Steingrím nema hann sjálfur. Flokkurinn hefur verið talinn standa fyrir hugsjónir umfram hagsmunagæslu. Annað er komið á daginn. Hagsmunir útgerðarvaldsins sem beitir saklaust fólk refsiaðgerðum í skjóli einokunar sinna á veiðiheimildum eru teknir fram fyrir hag almennings. Þessi blekkingarleikur í sjávarútvegsmálum á eftir að draga dilk á eftir sér. Traust á forystu ríkisstjórnarinnar og flokka þeirra mun fylgja þverrandi virðingu þeirra fyrir eigin fyrirheitum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Landsdómur sögunnar

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Pólitísk réttarhöld tíðkast því miður víða. Fyrrum forsætisráðherra Úkraínu, Júlía Týmosjenko, situr í fangelsi fyrir að hafa gert vondan gassamning við Rússa. Staðan í Hvíta-Rússlandi er jafnvel verri. En þar í landi enda pólitísk réttarhöld ekki með því að sakborningar fá að fara heim, eftir að hafa verið sýknaðir af langstærstum hluta ákæruatriðanna og ríkið hefur greitt þeim málsvarnarkostnaðinn.

Þar með er ekki sagt að um dóm Landsdóms megi ekki deila, eða mótmæla því að hann sé oftúlkaður. Eftirfarandi setning úr dómsorðinu, kristallar það sem dæmt er fyrir.

„Þótt ákærði hafi með þessu ekki eingöngu brotið gegn formreglu, svo sem rakið var hér áður, verður ekki horft fram hjá því að ekki hefði komið til sakfellingar í málinu hefði ákærði gætt að því einu að taka þessi málefni upp innan ríkisstjórnarinnar, eins og honum bar samkvæmt 17. gr. stjórnarskrárinnar.“

Dómurinn viðurkennir sem sagt að ef dagskrárliður undir heitinu „Erfið staða íslensku bankanna – umræður“ hefði verið tekinn fyrir á dagskrá ríkisstjórnar hefði það dugað til sýknu. Fyrrum ráðherrar eru margsaga um það hvort og hvernig staða bankanna hafi verið rædd:

„Þannig sagði Árni M. Mathiesen að málefni bankanna og sú hætta, sem vofði yfir fjármálamarkaðinum, hafi oft og með reglulegu millibili verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar frá því í febrúar til loka september 2008, þótt efnið hafi ekki verið á dagskrá fundanna.“

Jóhanna Sigurðardóttir sagði að staða bankanna í heild hefði í fyrsta skipti verið rædd á formlegan hátt á ríkisstjórnarfundi 3. október 2008.

Björgvin G. Sigurðsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Össur Skarphéðinsson báru öll fyrir rétti að málefni bankanna hefðu komið óformlega til umræðu, ýmist undir liðnum önnur mál eða í tengslum við aðra dagskrárliði.

Niðurstaða meirihluta dómenda er samt sú „að hafið sé yfir allan vafa að sú hætta, sem steðjaði að íslensku viðskiptabönkunum og ríkissjóði, hafi ekki verið rædd á fundum ríkisstjórnarinnar á tímabilinu frá febrúar til loka september 2008,…“. Dómurinn byggist á þessu.

Það er merkilegt réttlæti að dæma mann sekan fyrir brot á fundarsköpum, þótt stjórnarskrárbundin séu, í tengslum við hrun heils bankakerfis. Margt annað má um þennan dóm segja. Hugsanlega á eftir að koma í ljós hvort öll umgjörð málsins standist Mannréttindasáttmála Evrópu.

Árið 2005 voru átta einstaklingar kosnir af Alþingi til að sitja í Landsdómi, fjórir af lista þáverandi stjórnar (A-lista) og fjórir af lista þáverandi stjórnarandstöðu (B-lista). Þegar kom til þess að skera úr um sekt og sýknu Geirs H. Haarde héldust þessar línur, B-listamenn vildu sakfella en A-listamenn sýkna. Án þess að neinum sé brigslað um að hafa hunsað lög og kosið eftir flokkslínum þá er slík tölfræði auðvitað ekki til að styrkja ímynd Landsdóms sem óhlutdrægs dómstóls. Það er engin þörf á sérstökum dómstól fyrir ráðherra. Ef þeir sannarlega fremja brot í starfi má stefna þeim fyrir sömu dómstólum og dæma í málum okkar hinna.

Af þeim sjö atvinnudómurum sem sátu í dómnum var meirihluti á því að fyrrverandi forsætisráðherra hefði brotið lög með því að halda ekki ríkisstjórnarfundi. Einn dómarinn í þeim hópi var líka á því að ógilda ætti kosningar til Stjórnlagaþings. Þá sýndi forseti Landsdóms manndóm með því að verða ekki við kröfum um beinar útsendingar frá aðalmeðferð málsins. Út úr þessu öllu verður ekki lesin tilhneiging til að að ganga erinda ákveðinna pólitískra afla umfram önnur eða beygja sig undir skoðanir almennings.

> Það er merkilegt réttlæti að dæma mann sekan fyrir brot á fundarsköpum, þótt stjórnarskrárbundin séu, í tengslum við hrun heils bankakerfis. Margt annað má um þennan dóm segja. Hugsanlega á eftir að koma í ljós hvort öll umgjörð málsins standist Mannréttindasáttmála Evrópu.

Ég er sjálfur ekki saklaus af því að hafa aldrei tekið of sterkt til orða þegar um var að ræða dómsúrskurð sem varðaði mig sjálfan. Ég get heldur ekki sagt annað en að dómur Landsdóms, líkt og ógilding á kosningum til Stjórnlagaþings, komi á óvart og valdi vonbrigðum. En stjórnmálamenn, hvar sem er í litrófinu, ættu ekki að tilefnislausu að grafa undan trausti til dómstóla, og ýja að því að þeir gangi erinda einhvers. Nóg er um þau áköll í þjóðfélaginu að deilumál verði leyst utandyra á Lækjartorgi og Austurvelli fremur en í þeim ágætu byggingum sem við þau opnu rými standa.

## AF NETINU

### Að kjafta frá

Í sumum ríkisstjórnum fyrri ára var mikið kvartað undan því að menn „hlypu“ með mál í fjölmiðla.
Það hentaði betur að ræða málin á lokuðum fundum ríkisstjórna, og þó ekki ríkisstjórna – því sá siður hefur lengi verið við lýði á Íslandi að formenn flokka í samsteypustjórn fari í raun með stjórn landsins sín á milli. Tali ekki við annað fólk frekar en þeim sýnist.
Við höfum séð þetta munstur hvað eftir annað – líka hjá Jóhönnu og Steingrími.
Guðmundur Hálfdánarson prófessor segir að ekki fari vel á því að stjórna ríki eins og rassvasafyrirtæki.
Það eru orð að sönnu.
En það þarf þá kannski að útrýma hugsunarhættinum – sem mótaðist mjög í tíð Davíðs Oddssonar – að það væri óheppilegt að upplýsingar bærust til þjóðarinnar nema þegar það hentaði í áróðursskyni.
Því stjórnmál á Íslandi snúast alltof mikið um áróður og um að skapa sér áróðursstöðu – á kostnað opinnar og upplýstrar umræðu.

http://silfuregils.eyjan

**Egill Helgason**



# Mikilvægt er að fá nýjan línuhraðal fyrir krabbameinsmeðferð á Landspítala


Heilbrigðismál



Garðar Mýrdal
forstöðumaður geislaeðlisfræðideildar LSH



Jakob Jóhannsson
yfirlæknir geislameðferðar krabbameina LSH


Í hálfa öld hefur beiting háorku (MV) ljóseindageislunar frá línuhröðlum verið sú tækni sem mest hefur verið notuð fyrir geislameðferð krabbameinssjúklinga.

Geislameðferð hefur skilað umtalsverðum árangri. Vaxandi fjárfestingar nágrannaþjóða okkar í tækjabúnaði fyrir geislameðferð vitna um að litið sé á geislameðferð sem öflugan og hagkvæman kost fyrir krabbameinssjúka.

**Tveir línuhraðlar eru á Landspítala**

Fyrsti línuhraðall okkar Íslendinga var settur upp í K-byggingu Landspítala árið 1989, en fyrir honum var safnað með sölu Lionsmanna á rauðri fjöður árið 1985. Áður hafði geislameðferð á Landspítala verið framkvæmd með kóbalttæki. Kóbalttækið þjónaði hlutverki sínu fram til ársins 1995 en þá var keyptur nýr línuhraðall. Árið 2004 var enn keyptur nýr línuhraðall til að taka við af tækinu sem hafði þjónað landsmönnum í 15 ár, sem er mjög góð ending á þess konar tækjabúnaði. Árið 2012 eru því í notkun á Landspítala tveir línuhraðlar, annar frá árinu 1995 (17 ára tæki) og hinn frá árinu 2004 (8 ára).

Í áætlunum Landspítala var gert ráð fyrir endurnýjun á línuhraðli árið 2010. Ástand ríkisfjármála í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og niðurskurður á fjárveitingum Landspítalans komu í veg fyrir að við þetta væri staðið. Það ber tæknimönnum spítalans og starfsfólki við meðferðina gott vitni að tekist hefur að halda áfram meðferð með þetta gömlu tæki. Öryggis- og gæðaeftirlit línuhraðlanna sýnir að þeir uppfylla enn þær kröfur sem gerðar voru til þeirra þegar þeir voru keyptir. Nú þegar er viðhaldskostnaður mikill og kaup á varahlutum í gömul tæki orðin fjárhag spítalans erfið.

Gert er ráð fyrir að um helmingur þeirra sem greinist með krabbamein þurfi að fá geislameðferð vegna sjúkdóms síns. Nýjar geislameðferðir á Landspítala á árinu 2011 voru 600 og komu sjúklingar í 10.754 heimsóknir á geisladeildina til að fá meðferð gefna.

**Breytingar sem vænta má með nýju tæki**

Mikil þróun hefur verið á liðnum árum í tækni línuhraðlanna og notkun þeirra við meðferð. Á Norðurlöndum hafa stjórnvöld fjárfest í búnaði til að nýta þessa hagkvæmu leið til hagsbóta fyrir krabbameinssjúklinga. Starfræktir eru 56 línuhraðlar í Danmörku (þ.e. einn línuhraðall fyrir hverja 96 þús. íbúa), 42 tæki í Noregi (einn línuhraðall fyrir hverja 109 þús. íbúa) og í Svíþjóð eru starfræktir 67 línuhraðlar (einn línuhraðall fyrir hverja 137 þús. íbúa). Meðferðardeildir erlendis sem hafa 8-12 línuhraðla í rekstri fjárfesta í nýjum búnaði og nýrri tækni á eins til tveggja ára fresti og fylgja þróun.

**Hvaða nýjar meðferðarleiðir fást með nýjum ljóseindalínuhraðli?**

Bætt tækni línuhraðla gefur kost á auknum möguleikum í meðferð og sérhæfingu fyrir ákveðnar tegundir krabbameina. Síðustu ár hafa komið fram í nýjum línuhröðlum tæknilegir möguleikar eins og styrkmótuð snúningsmeðferð, sem gefur kost á aukinni nákvæmni við þrívíða geisladreifingu í líkama sjúklings og gefur mikilvæga möguleika við geislun í kviðarholi og víðar um líkamann. Öndunarstýrð geislameðferð gefur kost á að stöðva geislun þau sekúndubrot sem hreyfing líffæra eða krabbameinsæxla veldur óhagstæðri legu. Þannig gefst kostur á að minnka geislaálag á heilbrigðan vef. Betri tækni er við myndstýrða geislameðferð (IGRT) sem eykur nákvæmni innstillinga geislareita. Vélrænn stöðugleiki nýrra línuhraðla gefur kost á stereotaktískri geislameðferð þar sem unnt er að geisla mjög smá rúmmál með háum geislaskömmtum.

**Framsýnir menn safna nú fjármagni til kaupa á línuhraðli**

Eins og kunnugt er þá er hafin af miklum krafti söfnun til að fjármagna kaup á nýjum línuhraðli fyrir geislameðferð krabbameinssjúklinga. Þannig er komin af stað fjáröflun undir merkjum „Bláa naglans“ og félag manna sem fengið hafa krabbamein í blöðruhálskirtil, „Framför“, safnar fjármagni til kaup á línuhraðli. Þessir aðilar eiga þakkir skildar fyrir að leggja í þá miklu vinnu sem hér er hafin. Um er að ræða háa upphæð. Samtakamáttur Íslendinga hefur áður skilað ótrúlegum árangri og í þessari söfnun mun vissulega reyna á. Það er mikilvægt að vel sé tekið á móti sölufólki „Bláa naglans“ sem nú er komið af stað og að samtakamáttur þjóðfélagsins komi þessu máli í höfn.




# Athugasemd frá forstjóra Húsasmiðjunnar

Viðskipti



Sigurður Arnar Sigurðsson
forstjóri Húsasmiðjunnar

Eigandi Múrbúðarinnar, Baldur Björnsson, skrifaði grein í Fréttablaðið 24. apríl síðastliðinn þar sem hann hefur flest sem lýtur að endurreisn Húsasmiðjunnar á hornum sér.

Húsasmiðjan lenti, eins og fjölmörg önnur fyrirtæki, í fjárhagserfiðleikum í kjölfar efnahagshrunsins í lok árs 2008. Afleiðingar þess urðu meðal annars þær að þáverandi eigendur misstu eignarhald sitt á fyrirtækinu, töpuðu sínum fjármunum og hurfu frá rekstrinum. Í framhaldi réðust nýir eigendur í fjárhagslega endurskipulagningu félagsins til að tryggja störf, greiðslur til birgja og ekki síst til að viðhalda samkeppni á markaðnum. Við yfirtöku Vestia ehf., eignarhaldsfélags Landsbankans, á Húsasmiðjunni í lok árs 2009 var að öllu leyti farið eftir þeim ströngu skilyrðum sem þessari yfirtöku voru sett af yfirvöldum.

Eitt helsta markmið fjárhagslegrar endurskipulagningar þeirra fyrirtækja sem til þess eru metin hæf, er að tryggja neytendum áframhaldandi samkeppni á þeim markaði sem fyrirtækin starfa á. Sérstaklega er lögð á það áhersla að fyrirtæki sem tekin eru yfir af bönkum eigi ekki að hætta að keppa eða fara sér hægar í samkeppni. Slíkt myndi valda viðskiptavinum og almenningi tjóni á þeim mörkuðum sem viðkomandi fyrirtæki starfar á. Fyrirtækin eru því ekki rekin í þrot, bútuð upp eða eignir seldar á brunaútsölu heldur er rekstur þeirra endurreistur. Ekkert er gert til að þjóna sérhagsmunum eigenda einstakra samkeppnisaðila sem vilja hafa samkeppni sem minnsta. Auðvitað hefði það verið hagstæðara fyrir eiganda Múrbúðarinnar ef Húsasmiðjan hefði horfið af markaðnum, en það væri verra fyrir neytendur. Það er því lýðskrum hjá eiganda Múrbúðarinnar að klæða sérhagsmuni sína í búning almannahagsmuna.

Samhliða fjárhagslegri endurskipulagningu hefur Húsasmiðjan þurft að hagræða með margvíslegum hætti í sínum rekstri og meðal annars neyðst til að fækka starfólki um 50% frá 2008. Húsasmiðjan hefur notið eðlilegrar rekstrarfjármögnunar hjá sínum viðskiptabanka eins og önnur fyrirtæki og engir fjármunir runnu inn í félagið þegar eignarhald þess breyttist með aðkomu Framtakssjóðs Íslands. Að halda öðru fram er einfaldlega rangt. Í lok árs 2011 var Húsasmiðjan síðan seld til danska fyrirtækisins Bygma A/S fyrir 3,3 milljarða króna og var sú sala til marks um þann árangur sem starfsfólk Húsasmiðjunnar hafði þegar náð í endurreisn félagsins.

Stjórnendur Húsasmiðjunnar vita mætavel út á hvað skoðun samkeppnisyfirvalda á félaginu gengur enda hafa þeir unnið með yfirvöldum við að upplýsa um starfsemi félagsins auk þess sem verkferlum starfsmanna við verðkannanir í verslunum hefur verið breytt og starfsmenn menntaðir sérstaklega til að mæta öllum kröfum samkeppnislaga.

Húsasmiðjan hefur nú fengið nýtt upphaf með nýjum eigendum og kappkostar að veita viðskiptavinum sínum um land allt framúrskarandi þjónustu og breitt vöruúrval. Húsasmiðjan er vinnustaður tæplega 400 starfsmanna sem nú hafa komist heilir í höfn eftir langt erfiðleikatímabil. Allt vel hugsandi fólk samgleðst með þessum 400 starfsmönnum og fjölskyldum þeirra við þessi tímamót.

> Auðvitað hefði það verið hagstæðara fyrir eiganda Múrbúðarinnar ef Húsasmiðjan hefði horfið af markaðnum, en það væri verra fyrir neytendur. Það er því lýðskrum hjá eiganda Múrbúðarinnar…

Það virðist vera ein helsta aðferð eiganda Múrbúðarinnar að vekja athygli á sjálfum sér og fyrirtæki sínu með því að viðhafa málflutning sem einkennist af dylgjum og rangfærslum í garð samkeppnisaðila sinna. Þar velur hann greinilega aðferð sem þjónar lund hans best.

NÚ GETUR ÞÚ NOTAÐ ÞÍNA ÁVÍSUN Á LESTUR Á EYMUNDSSON.IS STÆRSTU BÓKAVERSLUN LANDSINS

YFIR 100.000 TITLAR Á EINUM STAÐ



Ávísunin gildir við kaup á öllum íslenskum:

- bókum
- rafbókum
- barnabókum
- hljóðbókum




**Nýttu þína ávísun!**
Nú hafa öll heimili landsins fengið senda til sín ávísun á lestur. Nýttu þína ávísun og styrktu um leið skólabókasöfn grunnsskólanna.

Við bjóðum einnig rafrænar ávísanir í vefverslun okkar www.eymundsson.is

NÝJUSTU BÆKURNAR OG FERSKAR FRÉTTIR Á WWW.FACEBOOK.COM/EYMUNDSSON

Eymundsson
Bóksali frá 1872

AF NETINU

## Pontan og völdin

Talsvert er rætt um þinghaldið um þessar mundir. Það er skiljanlegt. Í hönd fer hefðbundið glundroðaástand. Eftir að hafa setið á þingi í smá tíma virðist mér þetta blasa við um þinghaldið almennt:

Á Alþingi ríkir viðvarandi valdabarátta. Margir telja hana sjálfsagða enda sé þetta jú Alþingi. Flokkar eigi að berjast um völd. Ég er ósammála þessari nálgun á stjórnmál.

Mörg vitum við að valdabarátta, sé hún endalaus, setur flest í bál og brand. Fjölskyldur springa ef valdabarátta innan þeirra er viðvarandi, vinir hætta að talast við, JR hatar Bobby, fyrirtæki ganga illa og félagasamtök verða óstarfhæf. Sama gildir um Alþingi. Viðvarandi valdabarátta, með tilheyrandi klækjum, skemmir og eitrar.

http://blog.eyjan.is

Guðmundur Steingrímsson

# tímamót

timamot@frettabladid.is



61 **ACE FREHLEY,** fyrrum gítarleikari rokksveitarinnar Kiss, á afmæli í dag.
*„Ameríka er risastór.“*

## Merkisatburðir

1682 Pétur mikli var krýndur Rússakeisari tíu ára gamall, ásamt hálfbróður sínum Ívan.

1915 Gullfoss sigldi frá Reykjavík til New York og kom til baka mánuði síðar. Þetta var fyrsta ferð skips með íslenskri áhöfn á milli Íslands og Ameríku frá því á dögum Leifs heppna.

1944 Bestu hátíðarljóð fyrir lýðveldishátíðina þann 17. júní voru valin „Land míns föður“ eftir Jóhannes úr Kötlum og „Hver á sér fegra föðurland“ eftir Unni Benediktsdóttur Bjarklind sem kallaði sig Huldu.

1961 - Síerra Leóne fékk sjálfstæði frá Bretum.

1970 - Tógó fékk sjálfstæði frá Frökkum.

1977 - Önnur goshrina Kröfluelda hófst og stóð í þrjá daga.

**ÞETTA GERÐIST:** 27. APRÍL 1994

## *Richard Nixon jarðsettur*



Richard Nixon fæddist árið 1913 og var 37. forseti Bandaríkjanna. Hann sat á forsetastóli frá árinu 1969 til 1974, en sagði af sér embætti eftir Watergate-hneykslið svokallaða.

Nixon hlaut strangt uppeldi þar sem foreldrarnir voru kvekarar. Fjölskyldan var ekki efnuð og gekk Nixon í kvekaraskóla í heimabyggð sinni. Hann var duglegur í félagslífi skólans auk þess sem hann kenndi í sunnudagaskóla. Nixon kynntist konu sinni, Thelmu Pat Ryan, árið 1940 og bað hennar strax á fyrsta stefnumóti. Þau eignuðust tvær dætur.

Ferill Nixons í forsetaembætti var umdeildur, en hann er eini forsetinn í sögu Bandaríkjanna sem hefur sagt af sér embætti.Hann lést 22. apríl 1994 og var lagður til hinstu hvílu fimm dögum síðar, við hlið konu sinnar, við bókasafn Richards Nixon í borginni Yorba Linda í Kaliforníu.

---

✝



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐBJÖRN GUÐJÓNSSON**
**Haukanesi 5, Garðabæ,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 24. apríl. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 4. maí kl 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Bergþóra Guðbjörnsdóttir**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SIGRÍÐUR KOLBRÚN SIGURÐARDÓTTIR**
**Hvannarima 16, Reykjavík,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans, Hringbraut, 20. apríl sl. Hún verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Kristján H. B. Ólafsson**
**Bryndís Björk Kristjánsdóttir** **Jóhann Örn Arnarson**
**Einar Sigurður Kristjánsson** **Soffía Eðvarðsdóttir**
**Guðni Magni Kristjánsson** **Margrét Einarsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,

**ÞÓRUNN NANNA RAGNARSDÓTTIR**
**frá Vogi við Raufarhöfn,**

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 20. apríl, verður jarðsungin frá Háteigskirkju mánudaginn 30. apríl kl. 13.00.

**Jóhann Hólmgrímsson**
**Sigríður Jóhannsdóttir** **Jón Skúli Indriðason**
**Hólmgrímur Jóhannsson** **Ingibjörg María Gylfadóttir**
**Svanhvít Jóhannsdóttir** **Djamel Seba**
**Ragnar Axel Jóhannsson** **Olga Friðriksdóttir**
**Ingvaldur Jóhannsson** **Ásdís Hallgrímsdóttir**
**Ingunn Ragnarsdóttir** **Már Óskarsson**
**Gunnar Ragnarsson** **Ásthildur Ágústsdóttir**
**Heiðar Ragnarsson** **Sigrún Guðjónsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORSTEINN ÓSKARSSON**
**Hlévangi, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 23. apríl. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 2. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Stefán Atli Þorsteinsson** **Kristín Ása Davíðsdóttir**
**Ingibjörg Jóna Þorsteinsdóttir** **Haukur Örn Jóhannesson**
**Vilfríður Þorsteinsdóttir** **Halldór Rósmundur Guðjónsson**
**Ósk Þorsteinsdóttir** **Baldur Ingi Ísberg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

ÍSLENSK MÁLNEFND OG MÁLTÆKNISETUR: RÁÐSTEFNA UM ÍSLENSKA TUNGU

# Framfarir í upplýsingatækni skapa áskorun fyrir íslenskuna



**SNJALLSÍMI OG SPJALDTÖLVA** Í skýrslu sem kynnt verður á málþinginu í dag um áhrif sífellt meiri notkunar á upplýsingatækni í daglegu lífi landsmanna kemur fram að hætta geti steðjað að íslenskri tungu sé ekki gripið til aðgerða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvaða áhrif hefur sífellt meiri notkun upplýsingatækni í daglegu lífi landsmanna á íslenska tungu? Þessi spurning verður til umræðu á ráðstefnunni Máltækni fyrir alla sem fer fram í dag í stofu 101 í Odda, byggingu Háskóla Íslands, milli kl. 13 og 17.

„Þessi þróun er að eiga sér stað sífellt hraðar og það nýjasta er að menn eru byrjaðir að stjórna tölvum og tækjum með tungumálinu. Það verður gert með ensku nema eitthvað verði að gert,“ segir Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku og stjórnarformaður Máltækniseturs, og heldur áfram: „Það þýðir að það verður til ákveðið svið í daglegu lífi okkar þar sem við getum ekki notað móðurmálið. Og það er yfirleitt talin forsenda fyrir lífsmöguleikum tungumála að þau séu nothæf á öllum sviðum.“



EIRÍKUR RÖGNVALDSSON

Eiríkur segir að íslenskunni standi kannski ekki bráð hætta af þessari þróun en þó heilmikil óbein hætta. Spurður hvernig bregðast eigi við svarar Eiríkur: „Fyrsta skrefið er einfaldlega að menn átti sig á málinu. Ég held að almenn vitund um þetta sé alls ekki nógu mikill. Við munum hins vegar auðvitað aldrei geta þýtt öll tæki og tól yfir á íslensku. Við þurfum því að skilgreina hvað er algjörlega nauðsynlegt fyrir okkur að geta gert á íslensku og reyna að tryggja að tæknin vinni með tungumálinu en ekki á móti því. Á þessum vanda eru þó engar einfaldar lausnir.“

Ráðstefnan í dag er á vegum Íslenskrar málnefndar, Máltækniseturs og META-NORD verkefnisins, sem er samstarfsverkefni Norðurlanda og Eystrasaltslanda um eflingu og kynningu á máltækni.

Ráðstefnan er öllum opin en meðal ræðumanna á henni verða Haraldur Bernharðsson, varaformaður Íslenskrar málnefndar, Sabine Kirchmeier-Andersen, framkvæmdastjóri dönsku málnefndarinnar, Jón Guðnason, lektor við Háskólann í Reykjavík, og Jón Eðvald Vignisson, tæknistjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Clara. Þá mun Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, flytja ávarp.

Þá verður á ráðstefnunni kynnt ný skýrsla um stöðu íslenskrar máltækni sem nefnist Íslensk tunga á stafrænni öld. Í skýrslunni er meðal annars að finna samanburð á tæknilegum stuðningi við 30 tungumál sem hliðstæðar skýrslur hafa verið gerðar um. Leiðir sá samanburður í ljós að íslenska stendur næstverst þessara tungumál hvað varðar málföng, svo sem hugbúnað og gagnasöfn.

**magnusl@frettabladid.is**

---

# Ungar raddir í óperu

„Óður til Bellini er yfirskrift nýrrar óperusýningar sem Óperudeild Söngskóla Sigurðar Demetz sýnir í Tjarnarbíói í kvöld og annað kvöld klukkan 20. Hún er samsteypa úr tveimur Bellini-óperum, La Sonnambula og I Puritani.

„Við völdum þessar óperur því Bellini er talinn meistari bel canto-tímabilsins sem einkennist af ljóðrænum óperusöng og hentar vel fyrir ungar raddir,“ segir Sigurjóna Sverrisdóttir, verkefnisstjóri og heldur áfram. „Við erum með sautján ástríðufulla söngvara á sviðinu og Kristján (stórsöngvari og eiginmaður hennar) gat platað vini okkar frá Ítalíu til að vinna með okkur. Þeir eru Maria Francesca Siciliani og Roberto Manfredini sem unnu sem listrænir stjórnendur í Teatro Massimo Bellini í Catania um áraraðir. Við vorum svo heppin að fá Randver Þorláksson sem leikstjóra með Siciliani og Hlín Gunnarsdóttur sem ráðgjafa um leikmynd og búninga. Jóhann Bjarni Pálmarsson lýsir sýningarnar og Íslenska óperan styður við framtíðarsöngvarana og lánar okkur búninga og leikmuni.“

- gun



**Á SVIÐINU** Nemendur Söngskóla Sigurðar Demetz flytja Óð til Bellini. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FÓLK



KYNNINGARBLAÐ

## HOLLAR TREFJAR

**Trefjar eru nauðsynlegar fyrir eðlilega líkamsstarfsemi. Þær er hægt að fá úr fjölmörgum fæðutegundum. Trefjar eru í grænmeti, rótarávöxtum og flestum aldinum, hnetum og baunum. Ýmis fræ hafa í sér trefjar en svo er einnig um hýðishrísgrjón og aðrar heilkornsmatvörur.**


Hálendis
NÝTT
spjót

Fjallalamb á framandi máta

Grillað fillet á spjóti, marinerað í hvítlauk, ólífuolíu, tímian & dijon sinnepi, borið fram á salatbeði með hægelduðum rauðlauk, ristuðum sveppum, bakaðri kartöflu & hvítlauks dressingu

2.690 kr.




Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi,
sími: 5275000, grillhusid@grillhusid.is, www.grillhusid.is


# GAMALDAGS MATUR Í NÝJUM BÚNINGI

**SPARIMATUR** *Hefðbundið hráefni er uppistaðan í einföldum og ljúffengum kjúklingarétti sem er uppáhald fjölskyldunnar.*

Margrét V. Helgadóttir, verkefnastjóri í tölvudeild Marels, var nýlega kjörin formaður stjórnar SAMFOK (Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík). Hún hefur í mörg ár eldað kjúklingarétt sem er afar vinsæll á heimili hennar. Uppskriftina má rekja til matreiðsluklúbbsins Nýir eftirlætisréttir, sem var vinsæll klúbbur þegar Margrét flutti að heiman og fór að búa. Hún segir réttinn hafa verið einn af sparirétttum fjölskyldunnar í mörg ár. „Við bjuggum lengi í Danmörku og vorum gjarnan með kjúkling í matinn sem sparimat. Þar varð þessi réttur oft fyrir valinu um helgar og þegar góða gesti bar að garði.“ Elsta dóttir Margrétar dvaldi sem skiptinemi á Kosta Ríka fyrir tveimur árum. Þar lifði hún á hrísgrjónum og banönum í heilt ár að sögn Margrétar. Þegar fór að styttast í heimkomu hennar var hún spurð hvaða mat hana langaði mest að borða fyrsta kvöldið sitt á Íslandi. „Ég bjóst að sjálfsögðu við ósk um íslenskan fisk eða lambakjöt og kartöflur. En í staðinn sagðist hún að sjálfsögðu vilja fá kjúklingaréttinn góða. Hungraða skiptinemann var víst farið að dreyma hann úti undir lokin. Og að sjálfsögðu var kjúklingarétturinn á borðum fyrir ungfrúna fyrsta kvöldið á Íslandi.“

Formaður stjórnar SAMFOK er kosinn til tveggja ára í senn en Margrét sat áður í stjórn samtakanna. Hún segir markmið sitt vera fyrst og fremst að halda áfram því góða starfi sem sinnt hefur verið undanfarin ár hjá samtökunum. „Af stærri málum má hins vegar nefna sameiningar hjá grunnskólum borgarinnar. Það fer mikil vinna í að fylgjast með þeim málum enda afar mikilvægt málefni. Þar skiptir miklu máli standa vörð um hagsmuni barnanna.“ Annað mál sem er Margréti afar hugleikið er gera íslenska skólaforeldra meðvitaðri um hlutverk sitt. Þar horfir hún fyrst og fremst til Danmerkur en danskir skólaforeldrar eru að hennar mati frábærir. „Eftir sex ára dvöl í Danmörku lærir maður að vera meðvitaðri um hlutverk sitt og skyldur sem foreldri í samstarfi á milli heimilis og skóla. Mér fannst aðdáunarvert að upplifa hvernig foreldrar litu á það að taka þátt í skólasamstarfinu sem sjálfsagðan hluta af foreldrahlutverkinu. Við erum að tala um 100% mætingu á alla fundi og viðburði á vegum skólans.“ Hún segir þó heilmikið hafa áunnist í þessum málum hérlendis undanfarin ár þótt Íslendingar geti lært mikið af öðrum nágrannaþjóðum.



**VINSÆLL RÉTTUR** Margrét V. Helgadóttir er nýkjörinn formaður SAMFOK.
MYND/VILHELM GUNNARSSON

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2





Eva Sveinsdóttir
Margfaldur Íslandsmeistari í Icefitness

Þau vita hvað þarf til að ná árangri

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

NINGS

TRANS FITA
MSG

Heilsuréttir Nings
og kroppurinn blómstrar

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is



Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Margfaldur BootCamp- og Crossfitt meistari Íslands





# ÍTÖLSK PITSUHEITI

**FRÆGAR PITSUR** *Margir þekkja ítölsk nöfn á pitsum á veitingahúsum, enda eru þau notuð um allan heim. Ágætt er að leggja þessi heiti á minnið og finna út hvaða uppáhaldspitsan heitir á heimstungumálinu.*

**Margherita pizza** er nefnd eftir ítölsku drottningunni Margherita. Þegar henni var boðin pitsa var hún borin fram með litum ítalska fánans, rauðum tómötum, hvítum mozzarella-osti og grænu basil.

**Pizza romana** er hins vegar borin fram með tómötum, mozzarella-osti, ansjósum, óreganó-kryddi og ólífuolíu.

**Pizza viennese** er með tómötum, mozzarella-osti, pylsu, óreganói og ólífuolíu.

**Pizza capricciosa** er með mozzarella, tómötum, sveppum, ætiþistlum, skinku og ólífuolíu.

**Pizza quattro** formaggi er með fjórum tegundum af ostum en þeirra á meðal er mozzarella og gorgonzola en aðrir að eigin vali.

**Pizza bianca in Rome**, er án tómata en með olífuolíu, salti og fersku rósmarín en þannig er hún borin fram í Róm.



Margir búa til pizza bianca og bæta við mikilli hvítlauksolíu og mozzarella-osti.

**Pizza alla casalinga** – heitir í rauninni ömmupitsa eða pitsa húsfreyjunnar. Botninn er mjög þunnur. Ofan á hann eru settir tómatar úr dós, pressaður hvítlaukur, mozzarella-ostur og ólífuolía. Botninn er bakaður þar til osturinn fer að sjóða og botninn verður stökkur.

**Frutti di mare la pizza** er sjávarréttapitsa. Á hana er sett tómat-pastasósa, risarækjur, bláskel, smokkfiskur, hvítlaukur, ólífuolía, mozzarella-ostur, steinselja, salt og pipar.

**Pizza Parma** ber nafn frá hinni frægu hráskinku frá Parma. Á pitsuna er sett pitsusósa, mozzarella-ostur, klettasalat (ruccolasalat), parmaskinka, parmesanostur, furuhnetur og góð ólífuolía. Athugið að salatið og skinkan eru sett á pitsuna eftir að hún kemur úr ofninum.

**PIZZA MARGHERITA** Ber nafn sitt af ítalskri drottningu.

## PITSUÁSKORUN



**FLOTT PITSA** Guðrún Högnadóttir með uppáhaldspitsuna.

MYND/STEFAN

# SKORAR Á SIGURJÓN

**GÓÐGÆTI KYNNIR** *Wewalka-pitsudeig er hægt að útbúa á margvíslegan hátt.*

Næstu föstudaga verða birtar hér uppskriftir af uppáhaldspitsu hinna ýmsu matgæðinga. Pitsurnar eiga það sameiginlegt að vera gerðar úr Wewalka-pitsudeigi. Sverrir Víðir Hauksson skoraði á Guðrúnu Högnadóttur hjá Opna háskólanum, að gefa lesendum uppskrift að uppáhaldspitsunni sinni sem kemur hér.

## HOLL OG SPENNANDI

### LÍFRÆN LAUGALÆKJAR KRYDDPYLSUSÆLA

1 pakki XXL Wewalka deig
2 kryddpylsur frá Pylsumeistaranum við Laugalæk, t.d. með sólþurrkuðum tómötum og sveppum
2 rauðlaukar
2 stórir portobello-sveppir (Frú Lauga)
Ólífuolía
Ferskt rósmarín
Rauðar piparflögur
Hlynsíróp
Mozzarella-ostur
Sjávarsalt og pipar

Rúlla út pitsubotninum, bursta létt með olíu og krydda botninn með rósmaríni, rauðum piparflögum og ögn af sjávarsalti. Skerið kryddpylsurnar í þykka báta (langsum tvisvar og síðan í þykkar sneiðar) og léttsteikja á pönnu í góðri ólífuolíu. Skerið rauðlaukinn í þunnar sneiðar og látið mýkjast í olíu á pönnu í um það bil 2 mínútur. Skvetta ögn af hlynsírópi yfir laukinn í lokin. Skera sveppi þunnt og steikja í olíu – sáldra yfir sjávarsalti, pipar og rósmarín. Raða fyrst lauknum á botninn, síðan kryddpylsunni, sveppum og mozzarella-osti að lokum. Baka í um það bil 20 mínútur – og njóta!




**Ég ætla að skora á tvöfaldan meistarann – Sigurjón Þórðarson, ráðgjafa hjá Capacent.**

## KJÚKLINGARÉTTUR HUNGRAÐA SKIPTINEMANS

**AÐALRÉTTUR FYRIR 5 MANNS**

FRAMHALD AF FORSÍÐU

**4–5 kjúklingabringur, skornar í bita eða heill kjúklingur, brytjaður smátt**
**2 dósir Cream of Chicken, súpudósir frá t.d. Campell**
**Lítil dós af sýrðum rjóma eða grískri jógúrt – bara hvað er til í ísskápnum.**
**Spergilkál, spínat eða annað grænmeti**
**Karrí**
**Sítrónusafi**
**Brauðrasp**
**Rifinn ostur**
**Örlítil smjörklípa**

**Steikið bringurnar á pönnu eða grillið/sjóðið heilan kjúkling og brytjið niður. Smyrjið eldfast form og setjið kjúklingakjöt í botninn og setjið grænmetið þar ofan á. Ég nota yfirleitt spergilkál en það er tilvalið að bæta spínati saman við, sveppum eða öðru grænmeti. Hellið Cream of Chicken súpunum í skál og blandið saman við sýrða rjómann eða grísku jógúrtina. Það er mikilvægt að sósan á að vera þykk. Ég nota yfirleitt 250-300 g af sýrðum rjóma eða grískri jógúrt. Bætið við þetta smá karrii og sítrónusafa ef hann er til. Sítrónan gerir réttinn ferskari. Hellið síðan sósunni yfir kjúklinginn og grænmetið í eldfasta mótinu. Stráið brauðraspi yfir sósuna og rifnum osti þar yfir. Það er gott að setja smá smjörklípur hér og þar yfir ostinn. Hitið í ofni við 175°C í 25-30 mínútur eða þangað til osturinn er vel bráðnaður og rétturinn er fallega gullinn. Rétturinn er borinn fram með hrísgrjónum. Það er mjög gott að hafa einnig hvítlauksbrauð og hrásalat.**






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# PITSUKASSAR VELKOMNIR Í GRENNDARGÁMA

**MIKIÐ BORÐAÐ** *Fjórar milljónir pitsukassa eru í umferð á hverju ári á Íslandi.*



Íslendingum hefur lengi fundist gott að fá sér pitsu og morgum finnst þægilegt að koma við á pitsustað og grípa með sér eina rjúkandi heita á leiðinni heim. Eins og flestir vita er pitsan sett í pitsukassa en þeir eru búnir til úr bylgjupappa sem er endurvinnanlegur. Honum má skila í bláa grenndargáma Sorpu sem eru staðsettir á um 80 grenndarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu.

„Við erum nýbúin að útvíkka bláa grenndargáminn okkar og nú má setja smáar bylgjupappaumbúðir eins og dagblöð, tímarit og pitsukassa í hann. Þannig að íbúum er velkomið að skila pitsukössunum sínum þangað,“ segir Ragna Halldórsdóttir, deildarstjóri markaðs- og fræðsludeildar hjá Sorpu. Ragna leggur áherslu á að matarleifar ættu ekki að vera í pitsukössunum. „Fitubrákin af pitsunni er í lagi en sneiðar eða skorpuafganga verður að losa. Ef matarleifarnar fylgja með menga þær endurvinnslufarveginn. Allir aðskotahlutir í endurvinnslufarvegi eru óæskilegir þannig að við ítrekum við íbúa að kassarnir séu tómir.“

Ragna gerði fyrir nokkrum árum óformlega könnun á því hversu mikill fjöldi pitsukassa er í umferð á einu ári og fékk þær upplýsingar að þeir væru allt að fjórar milljónir.

„Við áætluðum þennan fjölda út frá tölum sem við fengum frá pitsustöðum og Kassagerðinni. Þetta eru þó nokkurra ára gamlar tölur og ég get ekki sagt til um hvort þær hafa hækkað eða lækkað.“ Ragna segir að þau séu ekki með neinar tölur um það hversu mörgum af öllum þessum pitsukössum eða bylgjupappa almennt er skilað í endurvinnslu.

Allar bylgjupappaumbúðir eru sterkar og góðar og trefjarnar í pappanum eru sérstaklega sterkar þannig að það má endurvinna hann allt að sjö sinnum. Allur bylgjupappi sem er sendur frá Sorpu fer til endurvinnslufyrirtækis í Svíþjóð þar sem búnar eru til nýjar umbúðir úr honum.



**HAMINGJUSTUND** Ósvikinn áhugi, gleði og nostursemi skín úr andlitum barna við pitsugerð, enda sjá þau hráefnið sem upplagt myndefni til að skapa úr. Ekki skemmir fyrir að borða má gómsætt listaverkið á eftir. NORDIC PHOTOS/GETTY

# BARNSLEGA SÆTIR PITSUGALDRAR

**SKAPANDI MATARGERÐ** *Það er hátíðarstund í eldhúsinu þegar börn fá frjálsar hendur við pitsugerð. Slíkur sælkeramatur gleður bæði sál og svanga maga.*

Það örvar matarlyst barna að gefa þeim tækifæri til að útbúa matinn sinn sjálf og eykur líkurnar á að þau smakki óð og uppvæg ný og framandi hráefni. Þannig er pitsugerð heima í eldhúsi spennandi upplifun fyrir bragðlauka allra í fjölskyldunni og kærkomið ævintýri fyrir sköpunarkraft barna.

Oftar en ekki koma börn hinum fullorðnu á óvart þegar þau galdra fram fagurskreyttar pitsur þar sem skinka, paprika, ananas, ólífur og fleira gómsætt verða sem litapensill í höndum þeirra. Á sama tíma verður forvitnilegt að smakka ansjósur, þistilhjörtu eða gráðaost og útkoman ein dásemdar minning um ókomna tíð. Gerum börnum okkar því glaðan dag í eldhúsinu heima og leyfum litlum höndum að sjá um pitsugerðina í kvöld. Það er öruggt mál að vandað verður til verksins og að bitinn verður dísæt upplifun fyrir alla sem að borðinu koma. ■ **þlg**



**FAGUR FISKUR ÚR OFNI** Tilbreyting frá hefðbundnu, hringlaga pitsuformi er skemmtileg og hægt að skera út öll heimsins undur í pitsudeig, eins og þennan girnilega fisk. Þá er beinlínis aðkallandi fyrir káta krakka að gera fiskinn sem skrautlegastan og smakka á litríku góðgætinu. NORDIC PHOTOS/GETTY








Hótel Volkswagen
LEIKRIT EFTIR JÓN GNARR
Í leikstjórn Benedikts Erlingssonar
„Ég hló alveg ótrúlega mikið. Beinskeytt ádeila á okkar samtíma“. MK, Djöflaeyjan
„Jón Gnarr keyrir á sprellfjörugu handriti, kostulegum samtölum og dásamlega sjúkum persónum sem leikhópur í toppformi gerir frábær skil...stórgóð kvöldskemmtun“ - ÞÞ, Ftími
„Ef þig langar til að dæsa, hneykslast, njóta, hlæja og skammast þín þá pantaðu pláss á Hótel Volkswagen“ - SA, tmm
„ER ÞETTA GÁTA EÐA ER ÞETTA BRANDARI?"
Tryggðu þér miða!
Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is

27. APRÍL 2012

# Lífið

ESKIMO-STÚLKAN Í HÖRPUNNI

MAGNAÐAR MÆÐGUR Í DÓTTURFÉLAGINU

SÆLAR Í SUMARSKAPI



## LÉTTIR AÐ VITA FAÐERNIÐ

### FYRIRSÆTAN KRISTRÚN ÖSP BARKARDÓTTIR UM FÆÐINGU SONAR SÍNS, FAÐERNI HANS OG FRAMTÍÐINA.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Fjölmennt var á útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu á laugardaginn var. Þar mættu Þóra Arnórsdóttir forsetaframbjóðandi og eiginmaður hennar Svavar Halldórsson fréttamaður, **Dorrit**



**Moussaieff** forsetafrú, **Eva Dögg Sigurgeirsdóttur** viðskiptafræðingur, Díana Bjarnadóttir pjattrófa og Haffi Haff tónlistarmaður.
Þá vöktu meðlimir í hljómsveitinni **Sálinni hans Jóns míns**, þeir



Jens Hansson saxofónleikari, bassaleikarinn Friðrik Sturluson og trommuleikarinn Jóhann Hjörleifsson, athygli á tónleikum Chick Corea sem fram fóru í Eldborgarsal Hörpu í vikunni.





Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Heiða.is
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Hár Kristrúnar: Karen Dögg/Hár og heilsa

# MENNTASKÓLAMÆR SIGRAÐI

**Eskimo/Next-fyrirsætukeppnin fór fram í Hörpu á dögunum. Ellefu stúlkur tóku þátt í keppninni þar sem átján ára menntaskólamær, Gyða Katrín Guðnadóttir, fór með sigur af hólmi. Í öðru sæti var Ólöf Ragna Árnadóttir og þriðja sætið hreppti Bríet Ólína Kristinsdóttir.**

› Sjá nánar á visir.is/lifid



Bríet Ólína Kristinsdóttir, Gyða Katrín Guðnadóttir og Ólöf Ragna Árnadóttir.

MYNDIR/BRYNJAR SNÆ, KATRÍN ÞÓRA OG ERNA HRUND.

„Í sumar ætla ég að vinna, vera með vinum mínum og fjölskyldu og ferðast. Ég hef ekki hugmynd um hvað mig langar að gera varðandi fyrirsætustarfið í framtíðinni. Tíminn verður eiginlega bara að leiða það í ljós," segir **Gyða Katrín** spurð um sumarið fram undan.



Fyrirsætan Steinunn María Agnarsdóttir var valin Maybelline-stúlkan.



Dýrfinna, ein af keppendunum, förðuð af Ernu Hrund og Önnu Kristínu.



Ellefu stúlkur tóku þátt í keppninni í ár.




## FLOTTAR MÆÐGUR SKREYTA VEGGI DÓTTURFÉLAGSINS

**Vinkonurnar Kristín Ásta Matthíasdóttir og Oddný Jóna Bárðardóttir létu drauminn rætast og opnuðu tískuvöruverslunina Dótturfélagið á Laugaveginum með pompi og prakt í gær.**

Verslunin er í anda búðarinnar Urban Outfitters með nýjustu götutískuna í bland við fallega húsbúnaðarvöru en þær verða með sérvalda hönnun frá epal til sölu. Í tengingu við nafn verslunarinnar tóku þær stöllur upp á því að skreyta heilan vegg með myndum af fallegum mæðgum og kalla hann mæðgnavegginn. Á veggnum má meðal annars sjá Manúelu Ósk Harðardóttur, Láru Rúnarsdóttur, Ylfu Geirs og fleiri glæsilegar mæður og dætur þeirra.



Kristín Ásta Matthíasdóttir og Oddný Jóna Bárðardóttir eru stoltir eigendur Dótturfélagsins.



Manuela Ósk og Elma Rós.



Ylfa Geirs og Hekla Gauks.



Lára Rúnars söngkona og Embla Guðríður.



Margrét Ýr kennari og fyrirsæta, Salka Ýr og Katla María.

# FASHION ACADEMY
## REYKJAVÍK

Fashion Academy Reykjavík er miðstöð náms í greinum tengdum tísku, heilsu og fegurð. Skólinn er í glæsilegum húsakynnum og býður upp á frábæra aðstöðu.

Margar skemmtilegar námsleiðir eru í boði hjá Fashion Academy Reykjavík og er rík áhersla lögð á samvinnu milli deilda.

NÆSTU NÁMSKEIÐ HEFJAST 30. APRÍL



NÁM Í FÖRÐUN
í samvinnu við MAKE UP STORE®
NÁMSKEIÐ HEFST 30. APRÍL



NÁM Í TÍSKU OG AUGLÝSINGALJÓSMYNDUN
NÁMSKEIÐ HEFST 30. APRÍL



STÍLISTANÁMSKEIÐ
NÁMSKEIÐ HEFST 30. APRÍL



FRAMKOMU- OG FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ
NÁMSKEIÐ HEFST 30. APRÍL



NÁM Í SNYRTIFRÆÐI
SKRÁNING FYRIR ÁGÚST 2012 HAFIN



NÁM Í NAGLAFRÆÐI
í samvinnu við MAGNETIC NAILS
HÆGT AÐ HEFJA NÁM Í HVERRI VIKU

Nánari upplýsingar á **johanna@elitemodel.is** eða í síma **571 51 51**

www.fashionacademy.is | facebook.com/fashionacademyreykjavik | Ármúla 21, 108 Reykjavík

# Úrval af stenslum og málningu




Martha Stewart hefur hannað nýja lita og stenslalínu, sem nú fæst hjá okkur.





www.fondra.is

Dalvegi 18, Kóp.
Sími 568 6500
www.fondra.is

Opið 10-18 virka daga,
Laugardaga opið frá 11-16




Hólið þessa vikuna fær blaðamaðurinn **Sólveig Jónsdóttir,** höfundur skáldsögunnar Korter, sem kom út á dögunum. Korter er hressileg saga fyrir konur á öllum aldri um fjórar dætur Reykjavíkur sem eiga fátt sameiginlegt annað en 101 Reykjavík og griðastaðinn Café Korter. Bókin fjallar um lífið, ástina og að „þetta reddist allt saman að lokum“.


## TOPSHOP KYNNIR:



**MOTO HIGH WAIST JAMIE JEANS**

Margir litir til.
11.990 kr.

TOPSHOP SMÁRALIND OG TOPSHOP KRINGLUNNI



**ANIMAL PRINT FISHTAIL TOP**

Líka til í svörtu.
9.990 kr.

TOPSHOP SMÁRALIND OG TOPSHOP KRINGLUNNI




**Ragnhildur Steinunn** tók viðtal við leikkonuna **Þórunni Lárusdóttur** sem hefur undanfarinn mánuð tekið þátt í merkilegri tilraun hjá Sif Cosmetics. Hún hefur ásamt fimm öðrum konum borið EGF-húðdropana á hægri hlið andlitsins eingöngu. Hún lýsti upplifun sinni fyrir gestum og sagðist sjá greinilegan mun á hægri og vinstri hlið andlitsins.

Ragnhildur Steinunn og Þórunn Lárusdóttir.



Erla Hlynsdóttir fréttamaður á Stöð 2, Björn Örvar framkvæmdastjóri Sif Cosmetics og ORF Líftækni og Tobba Marinós.



Erla Eðvarðsdóttir og Helena Hafsteinsdóttir.

MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR

# FRÁBÆR STEMMING Á KEXI

**Ný EGF-húðnæring fyrir líkamann var kynnt með glæsibrag Á Kexi Hosteli á dögunum. Það var fjölmennt á kynningunni sem sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir stýrði með stæl. Húðnæringin eykur kollagen í húðinni og er þriðja varan í EGF-húðvörulínu Sif Cosmetics og er þróuð af nýsköpunarfyrirtækinu Cosmetics. Að kynningunni lokinni voru gestir svo leystir út með nýju vörunni.**

› Sjá nánar á visir.is/lifid



Brynja Magnúsdóttir sölustjóri Sif Cosmetics og Sigga Lund.



Ingibjörg og Rósa úr Fríhöfninni.



Bryndís Skúladóttir og Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka Iðnaðarins.

## DAGUR Í LÍFI RAGNHILDAR

# ÞAKKAR FYRIR HVERN DAG

**RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR:** Framleiðandi og handritshöfundur

**7.20** Vakna, fer í bað, fæ mér hollan og góðan morgunmat, gef voffanum mínum að borða og heilsa fólkinu.

**8.20** Keyri til Los Angeles í gegn um nokkur hverfi og hlusta á útvarpsfréttir og Yelawolf.

**8.45** Kem í kvikmyndafyrirtækið, vinnuna mína og heilsa öllum brjálæðingunum.

**12.00** Hittingur með einhvers konar kaffiklúbb.

**15.30** Tek mér stutta vinnupásu í garðsófanum og skrifa skissur.

**17.30** Fer í míní fjallgöngu með Elizabeth vinkonu.

**18.45** Borða taílenskan mat með Mette-Marie vinkonu.

**19.45** Framleiðslufundur með Icelandic Poniez þar sem farið er yfir tökur helgarinnar, handrit, skotlista, og svo framvegis.

**21.30** Kvöldkaffi með uppáhalds!

**22.45** Les, horfi á Jason Reitman-mynd, þakka Guði fyrir góðan dag.










© 2012 adidas AG. Fossil Inc., Texas. Made under licence from adidas AG. adidas, the Trefoil and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.
© 2012 adidas AG. Le nom adidas, le logo trèfle et la marque aux 3 Bandes sont des marques déposées par le Groupe adidas.

# ÞETTA VAR BESTA STUND LÍFS MÍNS

**Fyrirsætan Kristrún Ösp Barkardóttir sem eignaðist frumburðinn Baltasar Börk í byrjun mars vissi ekki hver faðir drengsins var fyrr en í vikunni sem leið. Hún ræðir meðgönguna, samband sitt við Svein Andra Sveinsson, föður drengsins, og bjarta framtíðina.**



**KRISTRÚN ÖSP BARKARDÓTTIR**
**ALDUR:** 22 ára
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Einhleyp
**BÖRN:** Baltasar Börkur Sveinsson
**LÍKAMSRÆKTIN:** Þessa dagana eru það göngutúrar með soninn í vagninum.
**TÍMARITIÐ:** Finnst skemmtilegt að kíkja í hin ýmsu erlendu tískutímarit.
**SJÓNVARPSÞÁTTURINN:** Desperate Housewives

**Hvernig var meðgangan og hvenær kom prinsinn, Baltasar Börkur, í heiminn?** Meðgangan gekk rosalega vel, ég upplifði þreytu og skapsveiflur af og til, annars leið mér mjög vel mest allan tímann. Sonurinn kom svo í heiminn þann 2. mars eða viku fyrir tímann.

**Hvernig upplifðir þú fæðinguna?** Fæðingin gekk eins og í sögu. Ég var komin með góða verki um klukkan fjögur um nóttina og fékk prinsinn í fangið fjórum klukkustundum síðar.

Ég var ofboðslega spennt, var ekkert kvíðin enda búin að undirbúa mig vel og lesa mér mikið til um fæðingar. Þetta var besta stund lífs míns og mér fannst allt ferlið í kringum fæðinguna yndislegt og rosalega spennandi. Ég fékk ofsalega góða og persónulega þjónustu á sjúkrahúsinu á Akureyri, það er sko ekki hægt að kvarta yfir ljósmæðrunum þar.

**Hafði það áhrif á þig á meðgöngunni og í fæðingunni að þú vissir ekki hver faðir drengsins var. Það hlýtur að hafa tekið á?** Nei, í rauninni ekki og þá kannski vegna þess að þetta er mín fyrsta meðganga og ég hef ekki upplifað það að ganga í gegnum þetta með maka. Hins vegar er enginn eins stoltur af börnunum sínum og sjálfir foreldrarnir og það var mjög leiðinlegt að deila því ekki með neinum á meðgöngunni eða í fæðingunni.

**Finnur þú miklar breytingar á þér eftir að þú varðst móðir?** Ég finn engar breytingar líkamlega, ég fór í sömu þyngd tveimur vikum eftir fæðinguna og ég var fyrir meðgöngu og slapp við allan bjúg. Ég var orðin heldur þreytt í bakinu á meðgöngunni en það fór um leið og hef ég ekki fundið fyrir því síðan ég átti. Ég hef aðallega breyst andlega. Ég hugsa allt öðruvísi núna, veit ekki hvernig ég get lýst því en ég er til dæmis orðin ofboðslega skipulögð. Ég veit hreinlega ekki við hvað ég var alltaf upptekin alla daga og allan daginn áður en ég eignaðist barn.

**Hvað kom þér mest á óvart þegar þú gekkst með Baltasar og þegar hann fæddist?** Hversu sterk tengsl mín við ófætt barn mitt urðu á meðgöngunni, datt ekki í hug að hægt væri að elska barn svona mikið án þess að hafa séð það eða kynnst.

**Hver var viðstaddur fæðingu drengsins?** Móðir mín og systir voru viðstaddar og veittu mér yndislegan stuðning. Fæðingin hefði ekki verið eins án þeirra.

**Nú hefur verið fjallað mikið um þig og þitt einkalíf í fjölmiðlum – hvernig tekur þú því og hvaða skoðun hefur þú á því?** Ég hef alltaf verið ofboðslega opin manneskja og eins og ein góð vinkona mín segir þá er aldrei lognmolla í kringum mig og það er líklega það sem gerir fólk forvitið því varla hefði umfjöllunin verið svona mikil síðustu ár ef enginn hefði haft áhuga á því að fylgjast með mér.

Mér fannst athyglin ekki leiðinleg þegar ég var sautján ára gömul þegar allt byrjaði, hins vegar varð það fljótt þreytandi sérstaklega þegar DV ákvað að vera með einhvers konar eineltisherferð gegn mér.

Mér finnst reyndar enn alveg ótrúlegt að fólk nenni að skrifa og lesa heilu færslurnar um mig og spá í því hvað ég sé að gera en kannski er það hrós og merki um að fólk telji mig lifa spennandi lífi. Það virðist alltaf rata í fréttirnar þegar Íslendingar ná sér í þekkta, erlenda maka, svo held ég að þetta hafi bara undið upp á sig eftir það í mínu tilfelli. Ég hef allavega aldrei þurft að öskra eftir eða biðja um athygli fjölmiðla á nokkurn hátt það er nokkuð víst.

**Gróa á Leiti – lætur þú kjaftasögurnar hafa áhrif á þitt jafnvægi og vellíðan?**

Ég tel mig mjög sterka manneskju og hef haldið mínu striki þrátt fyrir kjaftaganginn. Á meðgöngunni var mér hins vegar ekki alveg sama og ef ég á að segja alveg eins og er þá olli það mér töluverðri vanlíðan hvernig fjallað var um mig stanslaust þrátt fyrir að ég hefði grátbeðið þessa ákveðnu fjölmiðla um að slaka á í þessum fréttaflutningi, svo ekki sé talað um athugasemdakerfi á

## NIVEA KYNNIR:

**NIVEA PURE & NATURAL FIRMING**

Nýja NIVEA Pure & Natural Firming kremið sem inniheldur lífrænt Burdock þykkni og lífræna Arganolíu endurnýjar, nærir, eykur teyjanleika, mýkir, styrkir og stinnir húðina, auk þess að gefa góðan raka.







## DAGUR Í LÍFI KRISTRÚNAR

**09.00** Vöknum við Baltasar. Hann
fyrir daginn, hann fer svo í stólin
tek mig til fyrir daginn.

**10.00** Ég fæ mér morgunmat og
agalega svangur þegar hann val
saman um heimsmálin, þangað

**12.00** Set Baltasar í útiföt eftir ve
vagninn sinn að sofa. Ég fer í gó
Annars er ég að læra að nota tín

**14.00-14.30** Baltasar vaknar. Hann
hafa sofið úti í ferska loftinu. Þá
drekka.

**15.00** Fáum heimsókn eða förum
að fara og fá okkur gott kaffi. Ba
sig og spjalla við vinkonur mömm

**17.00** Baltasar drekkur aftur og é

**18.00** Kvöldmatur.

**20.00** Við erum yfirleitt hjá ömmu

**21.00** Baltasar fer í bað eða sturt
nudd sem hann elskar og síðan

**22.00** Baltasar leikur sér í stólnum
fær svo að drekka aftur.

**23.00** Baltasar sofnaður á slaginu

**06.00** Næsta morgun. Baltasar vi
Hann heldur svo áfram að sofa



Kristrún Ösp nýtur þess að vera móðir.

MYND/HEIÐA.IS

## R OG BALTASARS

n fær að drekka og ég set hann í fötin
nn sinn að skoða dótið sitt á meðan ég

Baltasar vill yfirleitt drekka aftur enda
knar. Við skoðum dótið og spjöllum
til hann fer að sofa í vagninum sínum.

ðri að sjálfsögðu og legg hann út í
öngutúr með vagninn ef ég hef tíma.
mann og laga til hjá okkur.

n er alltaf svo glaður og sæll eftir að
 er það ný bleyja og gef honum að

í heimsókn. Okkur finnst voða gaman
altasar elskar að skoða fólkið í kringum
mu auðvitað.

g fer að undirbúa matinn.

n hans og afa og hann leggur sig.

u. Hann striplast og fær svo ungbarna-
í náttfötin sín.

m sínum og ég sýni honum dótið. Hann

u!

ll koma upp í til mín og fá að drekka.
til klukkan níu.

netinu, þetta er í raun ekkert annað en einelti á netinu.

Það er eiginlega alveg ótrúlegt hvað fullorðið fólk getur látið ljóta hluti út úr sér um aðra en eru svo á sama tíma að brýna fyrir börnum sínum að einelti sé ljótt. Það er nokkuð víst að blessuðu börnin læra það sem fyrir þeim er haft. Þetta var ekki auðvelt að eiga við með aukið hormónaflæði og sjálf var ég að ná áttum á þessum tíma. Ég átti að vísu góða vinnufélaga og vini fyrir sunnan sem stóðu við bakið á mér og er ég þeim mjög þakklát fyrir það.

**Hvernig brást þú við (í hjartanu) þegar þú fékkst fréttirnar að Sveinn Andri væri faðir Baltasars?** Aðallega léttir. Nú er allt komið á hreint eftir allan þennan tíma sem er góð tilfinning. Ég vissi ekki alveg hvorum eða hverjum ég ætti að tilkynna þetta fyrst eða hvernig maður snýr sér í svona máli, enda er ég ekki oft að lenda í þessu en vissulega samgladdist ég honum, hann á fjögur börn úr fyrra sambandi og er ofboðslega góður pabbi. Baltasar á góðan föður og stórkostleg systkini.

**Hvernig brást maðurinn sem kom einnig til greina sem faðir Baltasars við fréttunum um að Sveinn Andri væri faðir drengsins?** Mér finnst það ekki mitt að segja. Við getum orðað það þannig að við erum mjög góðir vinir.

**Varstu viss um að Sveinn Andri væri faðir drengsins?** Ég hafði tilfinningu fyrir því. Ég var alltaf að sjá svip hjá honum sem minnti mig á Svein Andra, hins vegar var ég ekki alveg viss en núna þegar það er komið í ljós fer það ekki milli mála.

„Það gleður mig að kynna þennan unga og myndarlega pilt – hann heitir Baltasar Börkur og hann er Sveinsson. Lífið er yndislegt og Guð er góður," skrifaði Sveinn Andri á Facebook-síðuna sína í vikunni.

**Hvernig brást hann við þegar hann fékk fréttirnar?** Vissulega var honum brugðið smávegis fyrst en auðvitað agalega glaður og stoltur enda ekki annað hægt með þennan gullmola.

**Hvernig er sambandið milli þín og Sveins Andra í dag og hvernig hefur það verið síðan þú vissir að þú varst barnshafandi?** Sambandið var ekki mikið á meðgöngunni enda fannst mér það þeirra val

**Framhald á síðu 8**




Framhald af síðu 7

hversu mikið þeir fylgdust með. Við töluðum samt saman af og til, til þess að athuga með hvort annað. Ég var lengur en ég gerði mér grein fyrir að jafna mig á sambandsslitunum. Eftir að ég náði því held ég að samskiptin hafi orðið góð okkar á milli. Ég held við séum fínir vinir og vonandi náum við að rækta vinasambandið enn meira í framtíðinni.

**Er Baltasar líkur pabba sínum ?** Já, það er mikill svipur svo er Baltasar Börkur ofboðslega rólegur og yfirvegaður og mjög spekingslegur.

**Heldur þú að þið Sveinn Andri eigið eftir að taka saman aftur í framtíðinni ?** Nei, það er ekki inni í myndinni hjá okkur. Ég held að við höfum gert okkar tilraun til þess að vera saman og hún gekk ekki upp því miður.

**Hvers óskar þú þér þegar þú horfir fram á við?** Það er sjaldan planið held ég að vera einstæð með barn, og ég hafði ekki hugsað mér að það yrði þannig. Það er erfitt og getur tekið á. Lífið væri hins vegar ekki skemmtilegt ef það væri auðvelt. Ég er hætt að spá fram í tímann, það hefur sýnt sig að maður veit ekkert hverju von er á!

**En ef við ræðum samband Baltasars og föður hans?** Ég tel samband sonar míns við föður sinn skipta miklu máli. Ég hef aldrei skilið mæður sem banna börnum sínum að umgangast pabba sinn þrátt fyrir erfiðleika sem hafa átt sér stað þeirra á milli. Svo lengi sem hann er góður við barnið þá mun ég virða barnsföður minn.



Fallegra gerist það ekki. Móðir og sonur á góðri stundu. MYNDIR/HEIÐA.IS

**Færðu stuðning frá fjölskyldu þinni?** Ég fæ rosalega mikinn stuðning frá báðum foreldrum mínum, systur minni og öðrum í fjölskyldunni.

Heiðdís vinkona mín hefur líka stutt mig og hjálpað ómetanlega mikið. Áður en ég fór að komast með hann út var orðið frekar þreytandi að vera inni en hún kom í heimsókn á hverjum einasta degi til okkar, ásamt öllu öðru sem hún hefur hjálpað mér með og gert fyrir mig.

**Hvernig var þitt uppeldi og æska?** Ég ólst upp á Akureyri hjá föður mínum og móður ásamt tveim systkinum. Pabbi minn er ofboðslega rólegur og traustur maður sem alltaf er hægt að leita til og fá góð ráð hjá, mamma er hlý og góð kona sem vill öllum vel, hún er mikil húsmóðir og það hefur alltaf verið glansandi hreint heimilið og besti matur í heimi á boðstólnum, ég ætla tileinka mér öll húsráðin hennar enda alltaf að læra af henni.

Mamma og pabbi voru alltaf að gera eitthvað skemmtilegt með okkur systkinin, ég man helst eftir ferðum sem við fórum gjarnan í sveitina með vinafólki mömmu og pabba ásamt vetrarferðum, þar vorum við í gömlu húsi við fjallsrót, eyddum svo deginum í að labba upp fjallið og renna okkur svo niður á sleðum og snjóþotum. Ég mun skapa góðar æskuminningar fyrir son minn rétt eins og foreldrar mínir gerðu fyrir mig, mér þykir mjög vænt um þær.

**Eru mamma þín og pabbi ánægð með þá staðreynd að Sveinn Andri er faðir fallega drengsins?** Já, ég held að þau séu sátt með það.

**Hvar sérðu ykkur mæðgin eftir tíu ár?** Vonandi skánar staðan í þjóðfélaginu svo við unga fólkið höfum tök á að kaupa framtíðarhúsnæði.

Ég sé okkur fyrir mér í fallegu húsnæði í góðu bæjarfélagi nálægt okkar nánustu, ég komin í framtíðarstarfið og Baltasar Börkur væri glaður og ánægður í skólanum sínum og í lífinu almennt.

**Hvert stefnir þú eftir fæðingarorlof?** Ég er í fullu fjarnámi í orlofinu, ætla svo í dagskóla eftir orlof til að klára það sem ég á eftir til stúdentsprófs og að því loknu ætla ég í háskóla.

**Ertu opin fyrir að hleypa öðrum manni inn í líf ykkar nú þegar þú ert orðin móðir?** Eini karlmaðurinn í mínu lífi alla meðgönguna var Hermann, samkynhneigður besti vinur minn sem ég kýs reyndar að kalla konuna mína. Við bjuggum saman nær alla meðgönguna en hann reyndist mér ótrúlega vel. Þrátt fyrir nokkur rifrildi og brjálæðisköst þá stóð hann svo sannarlega þétt við bakið á mér og gerir enn í dag nú þegar sonur minn er kominn í heiminn. En ef sá rétti birtist er það bara jákvætt en ég verð róleg þangað til.

**Hvaða kosti þarf maður að bera til að þú opnir hjarta þitt á ný?** Fyrst og fremst barngóður og í öðru lagi stabíll í lífinu.

**En að þér Kristrún Ösp. Ertu að upplifa drauma þína?** Allt sem ég vil vera að gera þessa stundina er í gangi. Ég held að við eigum okkur drauma allt okkar líf, um leið og einn rætist kemur annar upp í hugann. Ég ætla því að halda áfram að láta gamla og nýja rætast.

**Nú býrðu á Akureyri – er það framtíðarheimili þitt?** Mér hefur alltaf þótt mjög vænt um Norðurlandið, það var ekki nógu spennandi fyrir mig áður en núna þegar ég er komin með barn og er að fara að mennta mig næstu árin þá er það mjög góður kostur að vera hér í kringum flest alla sem við elskum.

**Fyrirsætuferillinn þinn – stefnir þú á fleiri fyrirsætustörf í framtíðinni?** Nei, ég hef sagt lokið við fyrirsætustörf nema þá kannski á fjölskyldumyndum í framtíðinni.

**Takk fyrir að deila reynslu þinni með okkur Kristrún. Eitthvað sem þú vilt segja að lokum?** Komdu fram við náungann eins og þú vilt að sé komið fram við þig.




Í
Hörpu
17. júní
2012
HELGI BJÖRNS
SYNGUR
ÍSLENSKAR
DÆGURPERLUR
EIVÖR
RAGNHILDUR GÍSLA
SIGRÍÐUR THORLACIUS
KK
JÓN JÓNSSON
JOHN GRANT
VALDIMAR
Útsetningar: Samúel J. Samúelsson + Kynnir: Ragnar Kjartansson
Miðasala hefst miðvikudaginn 25. apríl á harpa.is

HEILSUHEIMUR

# KOMNAR Í SUMARSKAP

**Sumarið er tíminn til að fara út, anda að sér súrefni, hreyfa sig og njóta. Lífið spurði nokkrar hressar konur hvað sumarið hefði í för með sér fyrir þær og hvaða sport væri í uppáhaldi.**

1. Ertu komin í sumarskap?
2. Ertu búin að draga fram hjólið/línuskautana/hlaupaskóna/gönguskóna?
3. Hvaða útivist stundar þú yfirleitt á sumrin?
4. Stefnirðu á að prófa eitthvað nýtt sport þetta sumarið?



## ER SÚREFNISFÍKILL

**SIGRÍÐUR ARNARDÓTTIR METSÖLURITHÖFUNDUR**



1. Já, ég er komin í sumarskap. Það gerðist um leið og krókusarnir kíktu upp úr jörðinni og boðuðu vorkomuna.
2. Ég er búin að pumpa í dekkin á hjólinu og komin af stað. En gönguskóna þarf ég ekki að draga fram því ég nota þá stöðugt.
3. Ég er súrefnisfíkill og á erfitt með að vera innandyra á sumrin. Ég geng, fer í sund, geng reglulega á Esjuna og hjóla.
4. Ég stefni ekki beint að því að prófa nýtt sport í sumar – en það er aldrei að vita hvað gerist.



## NÝBYRJUÐ Í HESTAMENNSKUNNI

**BRYNDÍS ÁSMUNDSDÓTTIR LEIKKONA**



1. Sumarskapið er komið, sumarkjóllinn og sumarskórnir líka!
2. Fjölnir er búinn að taka hjólin okkar í gegn og nú skal sko hjólað. Annars er ég að safna mér fyrir nýjum gönguskóm.
3. Útivistin mín á sumrin eru sundferðir og reglulegir hjólatúrar.
4. Nýjasta sportið mitt er hestamennska. En svo langar mig svolítið að prófa golf við tækifæri.



## GÖNGUSKÓRNIR ALLTAF INNAN SEILINGAR

**SIGURLÍN MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR TÁKNMÁLSÞULA.**



1. Jú, eitthvað smá, brúnin að léttast, og eigum við ekki að segja að maður brosir meira og sé bjartsýnni svona að þungum vetri slepptum. Þessa dagana elda ég léttari mat, drekk meira vatn og sæki meira í liti í fötum heldur en svart sem maður er oftast í en þó sleppir maður víst aldrei svarta litnum alveg.
2. Gönguskórnir eru alltaf innan næstu seilingar hjá mér, sama hvaða árstíð er. Ég á tvo reyndar og þessa dagana geng ég í þeim léttari. Ég geng svona 5-10 km á kvöldin.
3. Það er mest göngur, svo hjóla ég líka og fer meira í sund en á veturna.
4. Nei, en kæmi alveg til greina ef það væri spennandi og þægilegt fyrir mig. Kannski golf kæmi þá helst til greina.



## MAÍMÁNUÐUR Í UPPÁHALDI

**REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR LEIKKONA.**

1. Ég er komin í svaka sumarskap og er farin að draga fram og kaupa mér sumarkjóla, en ég er rosalega mikil kjólakona. Geng nánast aldrei í buxum, nema þegar ég er að hreyfa mig.
2. Ég á ekki hjól eða línuskauta, en börnin eiga þetta allt saman. Þannig að ég fer yfirleitt með þeim í hlaupaskónum og geng eða hleyp með.
Bygging Kristalhallarinnar hefur verið harðlega gagnrýnd. Margir vilja meina að Aserbaídsjan hafi ekki efni á henni, auk þess sem yfirvöld þar eru sökuð um að brjóta á mannréttindum þegna sinna og reka bláfátækt fólk af heimilum sínum til að byggja höllina. - trs



**KRISTALHÖLLIN** Verið er að leggja lokahönd á höllina sem mun hýsa Eurovision-söngvakeppnina í ár og þykir hin glæsilegasta.

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%
POWERSÝNING KL. 10
STÆRSTA OFURHETJUMYND ALLRA TÍMA
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE AVENGERS 3D | 4, 7, 10-POWER |
| 21 JUMP STREET | 5.45, 8 |
| AMERICAN PIE: REUNION | 10.20 |
| HUNGER GAMES | 7, 10 |
| LORAX 3D ISL TAL | 5 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Stærsta ofurhetjumynd allra tíma!
Empire Total film Variety
Tommi, Kvikmyndir.is
„Svöl, skemmtileg, grípandi og fyndin“
„Þær gerast varla betri en þetta!“
Hörku Spennutryllir frá framleiðendum “Girl with the Dragon Tattoo” og “Safe House”.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 4 - 10:20 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE | KL. 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR ÍSL. TALI | KL. 3:40 | 2D | L |
| JOURNEY 2 | KL. 3:20 | 2D | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS (3D) | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:50 | 10 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 6 - 8 | 16 |
| GONE | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| TITANIC | KL. 9 | 3D | L |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| AVENGERS | KL. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10:50 - 12 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 3 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 6 - 8 | 2D | 14 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL. TALI | KL. 3 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5:50 - 10 | 2D | 16 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is
- T.V., KVIKMYNDIR.IS
NÚ ER NÓG KOMIÐ! GRIMMD SÖGUR AF EINELTI (BULLY) „ÞESSI MYND Á EFTIR AÐ BJARGA MANNSLÍFUM.“ -STEFÁN KARL STEFÁNSSON, LEIKARI
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
- D.M.S. MBL

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 4 - 5 - 8 - 10.30 - 11 | 10 |
| THE AVENGERS LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 8 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 11 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 | L |
| IRON SKY | KL. 10.30 | 12 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
21 JUMP STREET KL. 8 - 10.10 14 / AMERICAN PIE KL. 6 - 8 12
BATTLESHIP KL. 10.10 12 / MIRROR MIRROR KL. 6 L

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
TILBOÐ KL. 4 AVENGERS 3D
TILBOÐ KL. 5 LORAX ÍSLENSKT TAL 3D
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas
FÖSTUDAGUR: JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ LÓNBÚINN 18:00, 19:00, 20:00 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 22:00 ■ LAXNESS HÁTÍÐ: SILFURTUNGLIÐ/LILJA 17:30 ■ LAXNESS HÁTÍÐ: PARADÍSARHEIMT (ÓKEYPIS!) 20:00 ■ IRON SKY 18:00, 22:00
ÍSL. TEXTI ENG. SUBS
SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.
JANE EYRE
LÓNBÚINN KRAFTAVERKASAGA
LAXNESS Í LIFANDI MYNDUM

# Framhald á ævisögu

Tom Bower, sem skrifaði ævisögu Simons Cowell, segir að þeir Cowell séu enn þá vinir þrátt fyrir að ýmislegt vandræðalegt úr einkalífi Cowells hafi verið afhjúpað í sögunni, þar á meðal botox-notkun hans.

Cowell, sem er dómari í X-Factor, hafði samband við Bower þegar hann frétti að hann ætlaði að skrifa ævisöguna og bauðst til að aðstoða hann. „Ég flaug með honum í einkaþotunni hans. Ég var á snekkjunni hans og heimsótti hann til Los Angeles,“ sagði Bower, sem útilokar ekki að skrifa annað bindi af ævisögunni.



**SIMON COWELL** Dómarinn hefur fyrirgefið Bower fyrir skrif hans í ævisögunni.

# Aflýsir öllum tónleikum

Sinead O‘Connor hefur aflýst öllum tónleikum sínum á þessu ári. Samband hennar og eiginmanns hennar hefur verið stormasamt og sjálf hefur hún átt við þunglyndi að stríða.

„Eins og þið vitið var ég í alvarlegri lægð frá desember til mars og læknirinn minn ráðlagði mér að fara ekki í tónleikaferð. Ég vildi ekki valda vonbrigðum því ferðin hafði þegar verið skipulögð vegna plötunnar minnar. Því miður hunsaði ég þessi ráð og reyndi að vera sterkari en ég er,“ sagði O´Connor sem spilaði á Iceland Airwaves-hátíðinni í fyrra.



**HÆTT VIÐ** Sinéad O´Connor hefur aflýst tónleikaferð sinni vegna veikinda. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Spilar sem plötusnúður

**Elijah Wood ætlar að spila í fyrsta sinn sem plötusnúður utan Bandaríkjanna á tónlistarhátíð í Norður-Írlandi í júní.**

**Lord of the Rings-leikarinn mun spila með félaga sínum Zach Cowie en saman skipa þeir hljómsveitina Wooden Wisdom. Þeir ætla að gefa launin sem þeir fá fyrir spilamennskuna til tónlistarseturs í Belfast.**

**„Hann er frábær leikari og plötusnúður. Ég hef séð hann á sviði í Los Angeles,“ sagði skipuleggjandi hátíðarinnar við Contactmusic. Wood, sem er 31 árs, lauk nýverið við leik sinn í The Hobbit.**



**PLÖTUSNÚÐUR OG LEIKARI** Elijah Wood spilar í fyrsta sinn sem plötusnúður utan Bandaríkjanna.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 27. apríl 2012**

### Upplestur

**18.00** Kynning á nýrri bókaútgáfu, Draumsýn, og upplestur úr fyrstu bók hennar, Lukkunnar pamfíll, verður í verslun Eymundsson í Austurstræti. Borðið verður upp á veitingar.

### Málþing

**13.00** Ráðstefnan Máltækni fyrir alla verður haldin í stofu 101 í Odda, byggingu Háskóla íslands. Íslenska málnefndin, Máltæknisetur og META-NORD verkefnið standa fyrir málþinginu sem er öllum opið.

### Tónlist

**22.00** Hljómsveitin MOOD spilar á Café Rosenberg.

**22.00** Leonard Cohen Tribute tónleikar verða haldnir á Græna Hattinum, Akureyri. Hljómsveitin The Saints of Boogie Street fagnar nýútkomnum disk sínum til heiðurs Cohen. Miðaverð er kr. 1.500.

**23.00** Hljómsveitin Blágresið blíða heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.00** Göran von Sydow talar á lokafundi Evrópuraðar Alþjóðamálastofnunar í stofu 101 í Lögbergi. Umræðuefni Görans verður stjórnmálavæðing Evrópusamrunans og fer fyrirlesturinn fram á ensku.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**



# sport

sport@frettabladid.is

**ATLETICO MADRID OG ATHLETIC BILBAO** munu mætast í úrslitaleik Evrópudeildar UEFA eftir sigur í sínum undanúrslitaleikjum í gær. Atletico hafði betur gegn öðru spænsku liði, Valencia, en Athletico sló út Sporting Lissabon frá Portúgal. Úrslitaleikurinn fer fram í Búkarest í Rúmeníu 9. maí næstkomandi.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

**LOKAÚRSLIT, 2. LEIKUR**

**Þór Þorl. - Grindavík** **64-79 (30-40)**

**Þór Þorlákshöfn**: Blagoj Janev 15, Darrin Govens 15/6 fráköst/6 stoðsendingar/5 stolnir, Darri Hilmarsson 11/6 fráköst, Baldur Þór Ragnarsson 9, Guðmundur Jónsson 7/8 fráköst, Joseph Henley 5/8 fráköst, Grétar Ingi Erlendsson 2.
**Grindavík**: J'Nathan Bullock 27/9 fráköst, Þorleifur Ólafsson 16/7 fráköst/5 stoðsendingar, Jóhann Árni Ólafsson 11/6 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 9/7 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 9/4 fráköst, Ryan Pettinella 5/4 fráköst, Giordan Watson 2/6 fráköst/7 stoðsendingar.
*Staðan í einvíginu er 2-0 fyrir Grindavík.*

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| Grindavík - Þór | sun. kl. 19.15 |
| Þór - Grindavík (ef þarf) | 2. maí kl. 19.15 |
| Grindavík - Þór (ef þarf) | 4. maí kl. 19.15 |

### *Evrópudeild UEFA*

**UNDANÚRSLIT, SEINNI LEIKIR**

**Valencia - Atletico Madrid** **0-1**
0-1 Adrian (60.)
*Atletico Madrid vann samanlagt, 2-5.*
**Athletic Bilbao - Sporting Lissabon** **3-1**
1-0 Markel Susaeta (17.), 1-1 Ricky van Wolfswinkel (44.), 2-1 Ibai Gomez (46.), 3-1 Fernando Llorente (88.).
*Athletic Bilbao vann samanlagt, 4-3.*

**ÚRSLITALEIKUR**

**Atletico M. - A. Bilbao** **9. maí kl. 19.45**
Leikurinn fer fram í Búkarest í Rúmeníu.

### *Sænska úrvalsdeildin*

**Gefle - AIK** **0-1**
Helgi Valur Daníelsson lék allan leikinn með AIK.
**Elfsborg - GAIS** **2-1**
Skúli Jón Friðgeirsson kom inn á sem varamaður á 81. mínútu hjá Elfsborg.

# Löðrungi svarað með rothöggi

**Grindavík er aðeins einum sigri frá Íslandsmeistaratitlinum í körfubolta eftir magnaðan útisigur, 64-79, á Þór í Þorlákshöfn. Grindavík átti svör við öllu sem Þór reyndi og viljinn og baráttan var þeirra.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég er nokkuð viss um að menn afskrifa okkur núna. Menn skulu fara varlega í það. Það er búið að afskrifa okkur í allan vetur. Nú verður umfjöllun um að Grindavík sé orðið Íslandsmeistari en við skulum sjá hvað setur," sagði herskár þjálfari Þórs, Benedikt Guðmundsson, eftir tapið í gær en hann er hvergi nærri af baki dottinn þó svo búið sé að henda hans mönnum fast upp við vegginn fræga.

Leikurinn í gær var stórskemmtilegur. Grindavík með frumkvæðið nær allan tímann og leiddi í hálfleik, 30-40. Þórsarar komu brjálaðir út úr búningsklefanum í hálfleik í nýjum stuttbuxum. Þeir veittu Grindvíkingum vænan löðrung með því að skora tólf fyrstu stig hálfleiksins og komast yfir.

Þessi væni löðrungur vakti Suðurnesjamenn heldur betur. Þeir tóku leikhlé, þéttu raðirnar, komu út á völlinn og gjörsamlega rotuðu andstæðinginn. Skoruðu þrettán næstu stig og komu sér aftur í þægilega stöðu. Þeir litu aldrei til baka eftir það og með J'Nathan Bullock í broddi fylkingar voru þeir óstöðvandi.

„Þetta var frábær liðsframmistaða í kvöld. Menn héldu sig við leikáætlunina allan tímann og það skilaði sigrinum," sagði hinn hógværi Bullock eftir leik en hann vildi sem minnst gera úr eigin frammistöðu þó svo hann hefði skorað 27 stig og tekið 9 fráköst.

„Það var meðal annars mér að kenna að þeir komust inn í leikinn. Ég var að tapa boltanum og ekki alveg einbeittur. Ég veit að sem leiðtogi liðsins get ég ekki gert mig sekan um slík mistök. Það er erfitt að spila hérna og Þórsarar eru seigir," sagði Bullock en er ballið búið?

„Við vitum að þeir koma tilbúnir og við verðum að mæta því. Við höfum fengið nokkrar lexíur í vetur og ég ætla rétt að vona að við höfum lært af því. Við munum ekki fara fram úr sjálfum okkur heldur vera tilbúnir í næstu lotu."

Grindvíkingar voru með gríðarlega yfirburði á ýmsum sviðum í gær og til að mynda áttu þeir öll fráköst í seinni hálfleik. Karakterinn var líka sterkari hjá þeim er á reyndi. Enginn ótti heldur hreinn og tær sigurvilji og óbilandi trú á eigin getu.

„Það var fáránlegt að horfa upp á hvernig þeir tóku sóknarfráköstin hjá okkur. Menn eru ekki að stíga nægilega vel upp. Svo koma hetjumyndaskrokkarnir hjá þeim. Vaða inn í þetta og rífa niður fráköst. Við verðum að gera mun betur en þetta," sagði Benedikt.

henry@frettabladid.is



**EINUM SIGRI FRÁ TITLINUM** Sigurður Þorsteinsson og félagar í Grindavík standa vel að vígi í úrslitaeinvíginu. MYND/EVA BJÖRK



Jóhannes Karl Guðjónsson náði samkomulagi um starfslok við enska C-deildarliðið Huddersfield:

# Með fiðring í maganum fyrir Pepsi-deildinni

**FÓTBOLTI** Jóhannes Karl Guðjónsson hefur fengið sig lausan frá enska C-deildarliðinu Huddersfield og ekkert því til fyrirstöðu að hann gangi frá félagaskiptum sínum í ÍA áður en keppni í Pepsi-deild karla hefst þann 6. maí. Hann var samningsbundinn félaginu til loka júní en hefði hann verið út samningstímann hefði hann ekki getað byrjað að spila með ÍA fyrr en 15. júlí.

„Ég er mjög ánægður með þessa niðurstöðu en þetta gekk allt saman mjög fljótt og vel fyrir sig," sagði hann í gær við Fréttablaðið. Jóhannes Karl er í þokkalegri leikæfingu en hann fékk óvænt að spila átta deildarleiki með liðinu í lok febrúar og mars eftir að hafa verið úti í kuldanum allt tímabilið.

„Þegar nýr stjóri tók við liðinu hafði ég ekkert spilað allt tímabilið og við í fjölskyldunni vorum byrjuð að undirbúa flutninginn heim. Svo spilaði ég sjö leiki í röð og liðinu gekk vel. En þá var ég aftur tekinn úr liðinu og fékk varla að spila neitt eftir það. Ég fékk í raun aldrei neinar skýringar á því."



**JÓI KALLI** Snýr aftur í íslenska boltann með nýliðum ÍA.

Huddersfield er öruggt með sæti í umspilinu um að komast upp um deild og bauð stjóri liðsins, Simon Grayson, Jóhannesi að vera með til loka tímabilsins. „En hann gat þó ekki lofað mér einu eða neinu um hvort að ég myndi spila. Því fannst mér það eina rétta í stöðunni að koma heim."

Jóhannes Karl var átján ára gamall þegar hann fór í atvinnumennskuna árið 1998. Hann segist því vera spenntur fyrir því að klæðast gula búningnum á nýjan leik en ÍA mætir Breiðabliki á útivelli í fyrstu umferðinni.

„Ég er með þokkalegan fiðring í maganum fyrir sumrinu og ég hef mikla trú á því að það sé verið að vinna mjög gott starf í knattspyrnunni á Skaganum, þar sem hefur ríkt mikil og sterk hefð fyrir boltanum. Það er sífellt verið að styrkja liðið og það er gaman að fá að taka þátt í þessari uppbyggingu." **- esá**



**ARNAR DARRI** Hér í búningi íslenska U-21 landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Liðsstyrkur til Stjörnunnar:

## Arnar Darri á heimaslóðir

**FÓTBOLTI** Markvörðurinn Arnar Darri Pétursson er á leið aftur til uppeldisfélags síns, Stjörnunnar, eftir að hafa fengið sig lausan frá danska úrvalsdeildarfélaginu SönderjyskE.

Arnar Darri er 21 árs gamall og hélt utan í atvinnumennskuna fyrir fjórum árum þegar Lyn í Ósló keypti hann frá Stjörnunni. Þaðan fór hann til Danmerkur árið 2010 en hann fékk þó fá tækifæri þar.

Hann lék með íslenska U-21 landsliðinu og var í EM-hópnum sem tók þátt í lokamótinu í Danmörku síðastliðið sumar. Hann mun keppa um markvarðarstöðuna í Stjörnunni við Ingvar Jónsson, sem á reyndar við meiðsli að stríða um þessar mundir. Arnar Darri gæti því varið mark Stjörnunnar þegar liðið mætir KR í Vesturbænum þann 6. maí. **- esá**



**ÖFLUGUR** Gylfi hefur skorað sjö mörk og lagt upp fjögur til viðbótar í fimmtán leikjum með Swansea. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stjóri Hoffenheim:

## Engin tilboð borist í Gylfa

**FÓTBOLTI Markus Babbel, knattspyrnustjóri Hoffenheim í Þýskalandi, segir að engin tilboð hafi enn sem komið er borist í landsliðsmanninn Gylfa Þór Sigurðsson. Gylfi er nú í láni hjá Swansea í ensku úrvalsdeildinni en þar hefur hann slegið í gegn. Hann er hins vegar samningsbundinn Hoffenheim til 2014.**

**„Staðreyndin er sú að Gylfi á að mæta aftur til félagsins þann 18. júní," sagði Babbel við þýska fjölmiðla. „Við höfum verið að ræðast við og hann sagði mér að hann vildi vera áfram í Englandi," bætti hann við en Gylfi hefur verið orðaður við fjöldamörg lið að undanförnu og ekki bara í Englandi. Lið á Spáni og Ítalíu eru einnig sögð hafa augastað á kappanum.**

**„Mér finnst Gylfi vera leikmaður í hæsta gæðaflokki og er hann hluti af mínum framtíðarplönum. Við höfum ekkert heyrt frá öðrum félögum og á meðan svo er á ég von á að hann verði áfram hjá okkur."** **- esá**




> Stöð 2 kl. 19.45

## Týnda kynslóðin

***Björn Bragi, Þórunn Antonía og Nilli eru á leið í sumarfrí en það verður mikið fjör í þættinum í kvöld. Líkamsræktarátak Nilla verður gert upp og það kemur í ljós hvort hann eða Björn Bragi þurfi að borða hálft kíló af majonesi og stökkva út í Reykjavíkurhöfn.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON LEYSIR VANDAMÁL**

## *Vítaspyrnukeppni er svarið*

Meistaradeild Evrópu stóð sannarlega undir nafni í vikunni þegar seinni undanúrslitaleikirnir í keppninni fóru fram. Báðar viðureignir verða lengi í minnum hafðar enda spennandi, dramatískar, skemmtilegar og vel spilaðar. Allt sem hægt er að biðja um í knattspyrnuleik.

Í síðari leiknum mættust Real Madrid og Bayern München og réðust úrslit ekki fyrr en í vítaspyrnukeppni. Það er eitthvað allt að því ljóðrænt við að sjá leikmann ganga ábúðarfullan frá miðjuhring að vítapunkti. Örlög liðsins geta ráðist á einni spyrnu, annaðhvort ertu hetja eða skúrkur.

Það eru grimm örlög að falla í vítaspyrnukeppni enda úrslitin oft á tíðum slembin. Yfirleitt er það þó andlega sterkara og viljasterkara liðið sem ber sigur úr býtum. Vítaspyrnukeppni er því ekki svo vitlaus leið til að útkljá deilur þegar hefðbundin úrræði hafa reynst gagnlaus.



Það má því velta upp þeirri hugmynd hvort ekki megi notast við vítaspyrnukeppnir utan knattspyrnuvallarins. Hægt er að ímynda sér systkini sem deila um skiptingu arfs. Hví ekki að leysa deiluna með vítaspyrnukeppni? Vinir sem eru skotnir í sömu stelpunni? Vítaspyrnukeppni um hver fær fyrstu tilraun til að heilla hana. Þrátefli á Alþingi um afdrif máls? Vítaspyrnukeppni um hvaða flokkur fær vilja sínum framgengt. Ég held það bara.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Vestur um haf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Tangóskór og fótaflækjur **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.15 Smælki** (3:26) (Small Potatoes)
**17.20 Leó**
**17.23 Músahús Mikka**
**17.50 Galdrakrakkar**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Lone Scherfig** (Autograf: Lone Scherfig) Danski sjónvarpsmaðurinn Clement Behrendt Kjersgaard ræðir við kvikmyndaleikstjórann Lone Scherfig. Hún gerði myndina Lærdómsríkt samband (An Education) sem verður sýnd á mánudagskvöld.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Úrslitaþáttur spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Brynja Þorgeirsdóttir.
**21.20 Ótemjan** (Wild Child) Uppreisnargjörn prinsessa á Malibu-strönd er send í strangan breskan heimavistarskóla. Meðal leikenda eru Emma Roberts, Aidan Quinn og Natasha Richardson.
**23.00 Barnaby ræður gátuna – Tímaritið** (Midsomer Murders: Midsomer Life) Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
**00.40 Ráðningarstofan** (It's a Free World…) Angie er rekin af ráðningarþjónustunni sem hún vann hjá og stofnar þá eins fyrirtæki með vinkonu sinni í eldhúsinu heima hjá þeim. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 He's Just Not That Into You**
**10.05 Rachel Getting Married**
**14.00 He's Just Not That Into You**
**16.05 Rachel Getting Married**
**20.00 Post Grad**
**22.00 An American Crime**
**00.00 Pledge This!**
**02.00 First Born**
**04.00 An American Crime**
**06.00 Balls of Fury**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (59:175)
**10.15 Hell's Kitchen** (10:15)
**11.00 Human Target** (11:12)
**11.50 Spurningabomban** (1:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Dragonball: Evolution**
**14.35 Friends** (13:24)
**15.05 Tricky TV** (17:23)
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (12:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (5:22)
**19.45 Týnda kynslóðin** (32:32)
**20.10 American Idol** (31:40) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins sex bestu söngvararnir eru eftir.
**21.35 American Idol** (32:40)
**22.20 Kick Ass** Meinfyndin ævintýramynd um hóp myndasöguunnenda sem taka sig saman og mynda ofurhetju-hóp sem berst gegn óréttlæti heimsins og ýmsu öðru.
**00.15 Catacombs** Yfirnáttúruleg hrollvekja um unga konu sem er dregin í partí í katakombunum undir Parísarborg þar sem sjö milljónir manna eru grafnar. Eftir að hafa orðið viðskila við vini sína verður hún sannfærð um að verið sé að elta hana.
**01.55 Quarantine** Hrollvekja um sjónvarpsfréttakonu og myndatökumann hennar sem fylgja slökkviliði í útkall í íbúðarhús sem er í hættu vegna dularfullrar sýkingar.
**03.25 The Condemned** Sjónvarpsþáttaframleiðandi mútar fangelsisstjórum víða um heim til að kaupa tíu dauðadæmda fanga lausa.
**05.15 Friends** (13:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Iceland Express:Þór - Grindavík**
**17.45 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, mörkunum og helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**18.15 Evrópudeildin: Atl. Madrid - Valencia**
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**20.30 La Liga Report**
**21.00 Evrópudeildarmörkin**
**21.30 Iceland Express:Þór - Grindavík**
**23.15 UFC 115** Sýnt frá UFC 115 en þangað mæta til leiks margir af færustu bardagamönnum heims.

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**
**16.50 Bolton - Swansea**
**18.40 Newcastle - Stoke**
**20.30 Football League Show**
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 PL Classic Matches: Manchester United - Chelsea, 1999**
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 Aston Villa - Bolton**

### 2 EXTRA

**18.00 The Doctors** (101:175)
**18.45 The Amazing Race** (9:12)
**19.35 Friends** (15:24)
**20.00 Modern Family** (15:24)
**20.30 Mið-Ísland** (6:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Alcatraz** (12:13)
**22.35 NCIS: Los Angeles** (18:24)
**23.20 Rescue Me** (10:22)
**00.05 Týnda kynslóðin** (32:32)
**00.30 Friends** (15:24)
**00.55 Modern Family** (15:24)
**01.20 The Doctors** (101:175)
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (21:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Solsidan** (2:10) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 Girlfriends** (6:13) (e)
**16.25 Britain's Next Top Model** (e)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Hæfileikakeppni Íslands**(4:6)(e)
**18.50 The Good Wife** (13:22) (e)
**19.40 America's Funniest Home Videos** (48:50) (e)
**20.05 Got to Dance** (9:15) Got to Dance er breskur raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn.
**20.55 Minute To Win It**
**21.40 Hæfileikakeppni Íslands** (5:6) Leitin að hæfileikaríkasta Íslendingnum er hafin. Í þætti kvöldsins verður litð um öxl, eftirminnileg augnablik rifjuð upp ásamt því að skyggnst verður á bakvið tjöldin.
**22.15 Mobbed** (5:11) Frumlegir þættir þar sem ólíkir einstaklingar fá að afhjúpa leyndarmál sín, góð eða slæm með aðstoð gríðarstórs hóps dansara og annarra skemmtikrafta.
**23.05 Once Upon A Time** (16:22) (e)
**23.55 Franklin & Bash** (3:10) (e)
**00.45 Saturday Night Live** (16:22) (e)
**01.35 Jimmy Kimmel** (e)
**02.20 Jimmy Kimmel** (e)
**03.05 Whose Line is it Anyway?** (4:42) (e)
**03.30 Smash Cuts** (52:52) (e)
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Zurich Classic 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Zurich Classic 2012 (1:4) **15.00** Champions Tour - Highlights (7:25) **16.00** Zurich Classic 2012 (1:4) **19.00** Zurich Classic 2012 (2:4) **22.00** Inside the PGA Tour (17:45) **22.25** PGA Tour - Highlights (15:45) **23.20** ESPN America

### N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

### BBC entertainment

**06.40** The Vicar of Dibley **08.10** Dalziel and Pascoe **09.45** Deal or No Deal **10.20** My Family **11.20** Come Dine With Me **12.10** My Family **13.10** The Vicar of Dibley **14.40** QI **15.45** Top Gear **16.35** Live at the Apollo **17.20** Come Dine With Me **18.10** QI **19.10** Derren Brown: Trick of the Mind **20.00** The Graham Norton Show **20.45** Peep Show **21.15** Live at the Apollo **22.00** The Vicar of Dibley **23.30** Derren Brown: Trick of the Mind **00.20** The Graham Norton Show **01.05** Peep Show **01.30** Live at the Apollo

### DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Bag Borgen **10.35** Dyrehospitalet **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Kender du typen **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.30** Skrål **14.50** Chiro **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Annemad **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2009 **19.00** TV Avisen **19.30** The Kingdom **21.15** The Bone Collector

### NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **07.30** Morgennytt **08.00** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Verda vi skaper **18.55** Nytt på nytt **19.25** Lindmo **20.15** Scott og Bailey **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tudors **22.05** Eurovision Song Contests hemmeligheter **22.55** Elskerinner **23.45** Bortreist på ubestemt tid **01.20** Lindmo **02.10** Status Norge. Bak murene **02.40** Førkveld

### SVT 1

**09.35** Tjejer till Kilimanjaro **10.40** Anslagstavlan **10.45** Djursjukhuset **11.15** Coacherna **11.45** Titanic **12.30** Emma **13.30** Spisa med Price **14.00** Rapport **14.30** Gomorron Sverige **14.55** När hundar älskar **15.00** Bröderna Reyes **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Minuten **19.00** Högklackat **19.30** State of Play **21.35** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.45** Snow Cake **23.35** Rapport **23.40** Game of Thrones

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# ferð.is

## Ný ferðaskrifstofa á netinu

# Lækkað verð til Portúgal!

**8. maí**




ÍSLENSKA SIA.IS FER 59534 04/12

## Praia da Falesia

**Flug og gisting**

**Adriana Beach**

**Allt innifalið!** 8. - 22. maí

**Verð frá 112.450 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í þríbýli.
Innifalið: Flug, skattar og gisting.
Verð m.v. 2 í tvíbýli frá 163.600 kr. með öllu inniföldu.

## Olhos de Agua

**Flug og gisting**

**Aqua Mar**

8. - 22. maí

**Verð frá 86.900 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnh.
Innifalið: Flug, skattar og gisting.
Verð m.v. 2 í íbúð m/1 svefnh. frá 106.700 kr.

## Flugsæti

**Portúgal**

8. - 22. maí

**Verð frá 69.900 kr.**

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

**Úrval af gistingu í boði, sjá nánar á Ferð.is**

fljúgðu fyrir minna

**ferð.is** er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.


**ferð.is**
**sími 570 4455**


ferð.is

**FÖSTUDAGSLAGIÐ**



*„Það er líklega lagið David með Gusgus.“*

Óskar Þór Axelsson, leikstjóri.

# Bandarísk hjón gera mynd um Þingeyri

„Við heilluðumst af öllum litlu þorpunum sem er að finna lengst inni í fjörðum um allt land og veltum mikið fyrir okkur hvernig líf fólks sem byggi á svo afskekktum stöðum væri,“ segir Loralee Grace, sem er væntanleg til landsins, ásamt eiginmanni sínum Philip Carrel, í lok maí að gera heimildarmynd um Þingeyri.

Philip er lærður kvikmyndagerðamaður og hefur starfað við það í nokkur ár. Hann mun að mestu sjá um gerð myndarinnar en með aðstoð eiginkonu sinnar sem er listmálari. Þau komu fyrst til Íslands síðastliðið sumar í tilefni brúðkaupsafmælis síns. „Við leigðum okkur lítinn VW Polo og keyrðum um landið í 16 daga og gistum á 14 mismunandi hótelum. Þetta var pínu brjálæði, en alveg rosalega gaman,“ segir Loralee. Þau urðu bæði yfir sig ástfangin af Íslandi og láta sig dreyma um að flytja hingað einhvern daginn. „Það má eiginlega segja að við séum orðin Íslands-fíklar,“ segir hún og hlær. Loralee og Philip buðust vinna á kaffihúsinu Simbahöllinni á Þingeyri í tvo mánuði sumar og ákváðu að taka því og gera heimildarmynd um staðinn í leiðinni. „Við vonumst til að kynnast þorpinu og heimamönnunum og fá að upplifa það sjálf hvernig lifnaðarhættir eru á svo afskekktum stað,“ segir Loralee.

Hjónin fjármagna myndina að miklu leyti sjálf, auk þess sem þau hafa sótt um ýmsa styrki. „Svo erum við með síðu á vefsíðunni Kickstarter þar sem fólk getur lagt okkur lið og heitið á okkur. Við eigum samt bara nokkra daga eftir þar, svo vonandi náum við takmarkinu,“ segir Loralee, en síðan virkar þannig að nái þau ekki settu takmarki fá þau ekkert af peningnum sem búið er að safnast þar. **- trs**



**Á SEYÐISFIRÐI** Loralee og Philip fóru meðal annars í fjallgöngu á Seyðisfirði á ferð sinni um Ísland síðastliðið sumar. MYND/PHILIP CARREL


OPNA KLUKKAN 11.00 MEÐ STÚTFULLA VERSLUN AF GLÆNÝJUM SUMARLEGUM LITRÍKUM VÖRUM

*Sjáumst í Grímsbæ við Bústaðaveg...*
*Sendi líka hvert á land sem er.*

**25% AFSLÁTTUR**
**AF VÖLDUM VÖRUM!**



ARNA
**Grímsbær-Bústaðarvegi**
Efstaland 27, 108 Rvk., Sími 527-1999
Opið: mán-fös. 11-18
laugd. 11-15
Vertu vinur á facebook ;)


ALEXANDER HARÐARSON: FÓLK ER MJÖG ÁHUGASAMT UM ÍÞRÓTTINA

# Handboltalið í hjólastólum stefnir á mót í Svíþjóð

„Það er búið að bjóða okkur á mót í Lundi í Svíþjóð næsta vetur og stefnan er tekin þangað í desember,“ segir Alexander Harðarson, frístundaleiðbeinandi og hægri skytta eina hjólastólahandboltaliðs landsins.

Í liðinu, sem starfar undir merkjum íþróttafélagsins HK, eru um fimmtán manns. Alexander segir það hafa markað tímamót þegar HK ákvað að bjóða upp á íþróttir fyrir fatlaða innan félagsins. Hjólastólahandboltaliðið var stofnað fyrir rúmum tveimur árum en styttra er síðan þjálfari var fenginn til að þjálfa liðið. Liðið er eina hjólastólaliðið sem starfrækt er á landinu og því þurfa Alexander og félagar hans að ferðast út fyrir landsteinana til að geta keppt í íþróttinni. „Við höfum náttúrulega aldrei keppt áður og erum því ekki sérstaklega vel undirbúnir, en góðir hlutir gerast hægt.“

Lítill hópur byrjaði að spila handbolta saman að sögn Alexanders, en hann hefur nú stækkað. „Það voru tveir í stjórn HK sem fannst vanta aukið úrval í íþróttir fatlaðra. Hingað til hafa fatlaðir helst tekið þátt í einstaklingsíþróttum en þetta er til dæmis fyrsta hópíþróttin sem fólk í hjólastól getur stundað,“ segir hann. „Ég komst sjálfur inn í ferlið í gegnum vini mína í stjórn HK og fyrst var þetta lítill hópur vina sem spilaði þjálfaralaust. Okkur fannst svo orðið tímabært að fá fleiri í hópinn og auglýstum eftir fólki meðal annars á Facebook og síðan þá hefur þetta stækkað skref af skrefi og nú erum við meira að segja komnir með þjálfara.“

Liðið spilar eftir sömu reglum og í hefðbundnum handbolta en með einhverjum áherslubreytingum. Dómarinn er til að mynda utan vallar, mörkin eru lækkuð og enginn línumaður er í liðinu. Liðsmenn liðsins koma einnig frá ólíkum bakgrunni að sögn Alexanders, sumir hafa verið í hjólastól frá fæðingu, aðrir hafa lent í slysum en svo spilar einnig með þeim einn ófatlaður einstaklingur.

Inntur eftir því hvort önnur lið ætli að fylgja í fótspor HK segist Alexander vona að svo verði. „Fólk er mjög áhugasamt um íþróttina og ég hef heyrt að aðrir séu í svipuðum pælingum en hef ekki fengið það staðfest. Okkur þætti frábært ef fleiri bættust í hópinn og við fengjum andstæðing til að keppa á móti,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is



**HART BARIST** Alexander Harðarson spilar stöðu hægri skyttu í hjólastólahandboltaliði HK. Liðið er hið eina sinnar tegundar sem starfrækt er á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Hingað til hafa fatlaðir helst tekið þátt í einstaklingsíþróttum.
>
> **ALEXANDER HARÐARSON**
> HÆGRI SKYTTA


**Harðfiskurinn frá Stykkishólmi**
**Þessi sjúklega góði**

**Humarsoð frá Hornarfirði**

**Humar 2.350 kr.kg**
**Óbrotinn fyrsta flokks humar**

**Ferskur Túnfiskur**
**Alla föstudaga og laugardaga**

**Glæný Bláskel frá Stykkishólmi**

**Fiskibollur að dönskum hætti**
**(lax, þorskur, dill, rjómi, krydd)**

**OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00**

**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755**


# Björk þarf að hvíla raddböndin

Björk hefur aflýst tónleikum sem hún ætlaði að halda í Sao Paulo í Brasilíu 11. maí vegna hnúðs á raddböndunum.

Hún hefur verið á tónleikaferðalagi um Suður-Ameríku að undanförnu en stutt er síðan hún þurfti að aflýsa tvennum tónleikum í Buenos Aires í Argentínu vegna veikindanna. Eftir að hafa gengist undir læknisskoðun kom í ljós að ef hún hvíldi röddina ekki lengur gæti hún átt það á hættu að skemma röddina til frambúðar.

„Því miður get ég ekki sungið á Sonar-hátíðinni í Brasilíu sem er synd vegna þess að þeir listamenn sem eiga að spila þar eru frábærir og ég elska Brasilíu,“ skrifaði Björk á Facebook-síðu sína og bætti við að hún yrði að vera í þagnarbindindi eitthvað fram í maí samkvæmt læknisráði.

Björk greindist fyrst með hnúð á raddböndunum árið 2008 og óttaðist að hún gæti ekki sungið framar, eða ekki eins og hún var vön. Hún vildi ekki fara í aðgerð af ótta við að hún myndi skemma röddina. Þess í stað gerði hún æfingar til að teygja á raddböndunum.



NORDICPHOTOS/GETTY

**Í SÍLE** Björk á Lollapalooza-hátíðinni í Síle í síðasta mánuði.




KOMIN Í VERSLANIR

*„Frábær bók fyrir þá sem vilja taka mataræði fjölskyldunnar í gegn og bjóða upp á holla og ljúffenga rétti við allra hæfi."*

**Jóhanna Vilhjálmsdóttir,**
sjónvarpskona

*„Þessi bók á erindi á hvert heimili."*

**Solla Eiríks** á Gló

# Bættu mataræði fjölskyldunnar

Viltu bæta mataræði fjölskyldunnar og útbúa hollari útgáfur af uppáhaldsréttunum ykkar? Þá er þetta bókin fyrir þig.





Glæsileg bók uppfull af ljúffengum, næringarríkum réttum sem öll fjölskyldan elskar. Einnig eru gefin góð ráð og leiðbeiningar um hvernig við fáum börn og unglinga til að borða heilsusamlegan mat og bæta lífsstíl sinn.

**Þetta er bókin sem beðið hefur verið eftir.**




**Mundu eftir ávísuninni!**
Ávísun bókaútgefenda og bóksala veitir þér 1000 kr. afslátt þegar þú kaupir bókina!

BÓKAFÉLAGIÐ

bokafelagid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kóngarnir mætast

**Bubbi Morthens** er í miklu stuði þessa dagana, enda ný plata komin út með kappanum. Hann ræðst ekki heldur á garðinn þar sem hann er lægstur í vali á viðmælendum í útvarpsþátt sinn Stál og hnífur, en gestur næsta þáttar verður enginn annar en Björgvin Halldórsson. Forvitnilegt verður að heyra spjall kónganna tveggja, en þátturinn verður á dagskrá Bylgjunnar næstkomandi mánudagskvöld.



### Djassarar í góðum málum

Íslenskir tónlistarmenn voru áberandi á djasshátíðinni Jazzahead! sem haldin var um síðustu helgi í Bremen, á slóðum Hansakaupmanna í Þýskalandi. Þetta er meðal virtari djasssamkunda í Evrópu á ári hverju, en meðal þeirra sem létu ljós sitt skína að þessu sinni voru Samúel Jón Samúelsson og stórsveit hans, strákarnir í AdHd, Raddir þjóðar sem Sigurður Flosason og Pétur Grétarsson standa á bak við og loks Tríó Sunnu Gunnlaugs. Þegar hefur heyrst af áhuga erlendis frá með að fá að heyra meira til Íslendinganna. Hafa þeim þegar borist tilboð um tónleika og margs konar samvinnuverkefni.

**- afb, þj**



## Mest lesið vísir

1. Starfsmaður veittist að fötluðu barni
2. Konungur Spánar flæktur í nýtt hneyksli
3. Opna gröf mafíuforingja í Vatikaninu vegna hvarfs 15 ára stúlku
4. Katrín syngur í Ósló
5. Skoða nýja tökustaði fyrir Game of Thrones í maí
6. Ók á ofsahraða með vin sinn á þakinu








Fylgdu okkur á facebook